



Laxagildra með teljara sem þjónað hefur í Elliðaunum í um hálfra öld var sett niður í allra síðasta sinn í gærkvöldi. Jóhannes Sturlaugsson, fiskifræðingur hjá Laxfiskum, sem var þar ásamt mönnum sínum, segir að næsta sumar taki nýr og meðfærilegri teljari við. Verða þá steiptir stöplar í ána svo koma megi gildrunni með teljaranum fyrir með handaflí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skoða æfingar enskra liða hér

Flugframboðið er lykilþáttur

Óformlegar þreifingar um komu enskra úrvalsdeildarliða til æfinga hér á landi á næstu vikum hafa átt sér stað undanfarna daga. Árangur Íslands í baráttunni við kórónaveirufaraldurinn er helsta ástæðan.

ÍÞRÓTTIR Óformlegar þreifingar hafa átt sér stað milli íslenskra stjórnvalda, KSÍ og fulltrúa enskra úrvalsdeildarliða um að æfingar liða fyrir lokasprett ensku úrvalsdeildarinnar fari fram á Íslandi. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins sem og að spænsk úrvalsdeildarlið hafi sýnt sama áhuga. Þær hugmyndir eru styttra á veg komnar.

Útfærslur á æfingum liðanna hafa verið ræddar nokkuð víða í stjórnkerfinu meðal annars við sóttvarnaryfirvöld.

Keppni í ensku úrvalsdeildinni hefur legið niðri síðan 9. mars og því ljóst að ekki verður flautað strax til leiks í deildinni. Enskir miðlar tala

» Næsti fundur liðanna er 18. maí næstkomandi og þá dregur til tíðinda.

fyrst um þriggja til fjögurra vikna undirbúningstímabil. Það myndi þýða að enska úrvalsdeildin færi af stað þegar eitthvað er liðið á júní. Það er þetta æfingatímabil sem horft er til að fari mögulega fram hérlendis hjá að minnsta kosti hluta liðanna.

Þá er ekki loku fyrir það skotið að einhverjir leikir milli liða í sjálfri úrvalsdeildinni fari fram á Íslandi

þó sú niðurstaða sé ólíklegri. Áhugi hérlendis er mikill enda ljóst að svo stórt verkefni nú væri mikill fengur fyrir íslenskt efnahagslíf. Umsvif liðanna hérlendis yrðu umtalsverð og kastljós fjölmiðla yrði á landinu á meðan knattspyrnustjórnurnar heimspektu dveldu hér við æfingar.

Helsta ástæða þess að Ísland þykir fýsilegur kostur er hvernig yfirvöld hafa tekist á við kórónaveirufaraldurinn sem hefur leitt til þess að tíðni smits hér á landi er mjög lág. Þá eru hérlendis góðir innviðir og nægt hótélrymi.

Annar valkostur er sá að ensku liðin æfi á sínum æfingavöllum en

öryggisráðstafanir ytra gætu orðið mjög íþyngjandi.

Boltinn er hjá forsvarsmönnum ensku úrvalsdeildarinnar sem ræða þessa dagana stíft um hvernig ljúka eigi keppnistímabilinu ytra. Næsti fundur liðanna er þann 18. maí næstkomandi og þá dregur til tíðinda. Tíminn er naumur því UEFA, evrópska knattspyrnusambandið, hefur gefið deildunum frest til 25. maí til að ákveða með hvaða hætti keppni verður lokið eða hvort hún verði blásin af.

Íslensk yfirvöld munu þó ekki ráðast í endanlegar útfærslur á dvöl knattspyrnuliðanna fyrr en formlegar beiðnir berast að utan. – aá, bp

VIÐSKIPTI Aðgerðir annarra ríkja og mögulegt flugframboð til og frá Íslandi mun ráða miklu um hver áhrif opunar landamæra Íslands verða á ferðaþjónustuna, að mati Ernu Bjargar Sværisdóttur, aðalhafgræðings Arion banka. Flugframboðið sé lyklatríði við endurveisn ferðaþjónustunnar.

„Spurningin er því sú hvaða flugferðir Icelandair og önnur flugfélög munu bjóða upp á strax í sumar. Við höfum séð á síðustu vikum og mánuðum nokkur flugfélög skera niður áætlanarflug til landsins yfir sumarmánuðina,“ segir hún.


„Flugframboðið mun eflaust bæði ráðast af fjárhagsstöðu flugfélaga en ekki síður eftirspurn eftir flugferðum. Hvenær munu einstaklingar treysta sér til þess að ferðast á nýjan leik?“ nefnir Erna Björg. – kij / sjá síðu 10

- Hagkvæm matarkaup
- Heitar og ilmandi
- Ljúffengar og næringarríkar
- Án allra rotvarnarefna



1944
MATUR FYRIR
SJÁLFASTÆÐA
ÍSLENDINGA

Veður



Vestan 5-13 m/s og víða dálitil væta með hita 5 til 10 stig. Þurr suðaustanlands og heldur hlýrra. Hægari vindur og úrkomulítið norðan til landinu, en súld eða rigning í öðrum landshlutum. **SJÁ SIÐU 22**



Flugfreyjur fyrir samningafundinn.

Tölvupósturinn sé inngríp í kjaraviðræður

KJARAMÁL Guðlaug Líney Jónhansdóttir, starfandi formaður Flugfreyjufélags Íslands (FFÍ), segir Ícelandair hafa gengið á bak orða sinna með tölvupóstsendingu til félagsmanna í gær.

„Við vinnum nú í kapphlaupi við tímann að því að tryggja framtíð félagsins til lengri tíma og störf okkar allra,“ segir í tölvupósti sem Bogi Nils Bogason, forstjóri Ícelandair, sendi flugfreyjum og -þjónum félagsins.

Þar kynnti hann helstu atriði í nýjum kjarasamningi sem Ícelandair hefur boðið. Mikillar óánægju gæti hjá flugfreyjum með tilboð Ícelandair sem sagt er fela í sér tugprósenta kjaraskerðingu. Bogi segir félagið róa lífröður. „Báðir aðilar hafa lagt fram tilboð en tillögur FFÍ eru ekki til þess fallnar að ná markmiðum okkar um að tryggja framtíð félagsins,“ segir í póstinum.

Flugmenn hjá félaginu fengu sams konar sendingu frá forstjóranum í fyrradag en Ícelandair hefur óskað eftir breytingum á kjarasamningi flugmanna.

Guðlaug segir í pósti til félagsmanna að Ícelandair hafi á samningafundi gengist við því að slíkur póstur yrði ekki sendur á félagsmenn FFÍ. Með þessu sé félagið að gripa inn í kjaraviðræður. Enginn árangur varð af samningafundi hjá Ríkissáttasemjara í gær. – sar

Bætt aðstaða við Esjurætur



Nýju salernishúsi var komið fyrir á Mógilsá við Esjurætur í gær. Með tilkomu þess bættist aðstaða þess fjölmarga göngufólks sem leggur leið sína á þetta bæjarfjall Reykvikinga. Um tíu þúsund manns skrifa nafn sitt í gestabækur Ferðafélagsins á fjallinu á sumri hverju. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Einn gestur leyfður á hvern sjúkling.

Heimsóknir leyfðar á ný

COVID-19 Umferð um Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi verður óhindruð frá og með 18. maí. Milli klukkan 16 til 19 verða legudeildir opnar. Miðað er við einn gest á hvern sjúkling og mega heimsóknir ekki vera lengri en klukkustund.

Á öðrum deildum Landspítala, til að mynda Landakoti, Vífilsstöðum, Grensás og líknardeild, verða heimsóknir einnig leyfðar á heimsóknartímum en á Kleppi og í Rjóðrinu verða heimsóknir í samráði við starfsfólk. Frekari upplýsingar um heimsóknartíma og hámark gesta má finna á vef Landspítala. – fbl

Sjö barir hafa fengið viðvörðun frá lögreglu

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur á undanförunum dögum haft afskipti af sjö börum og skemmtistöðum sem ekki höfðu leyfi til að vera opnar. Eigendur staðanna fengu viðvörðun en mega eiga von á sekt opni þeir að nýju.

COVID-19 „Þegar viðmið um fjölda var 20 manns, þá tók því ekkert að hafa opið og það voru bara örfáir staðir opnar en um leið og hámarkið hækkaði í 50 fóru menn að sjá stemningu í því að hafa opið og fleiri og fleiri fóru að opna,“ segir Jóhann Karl Þórisson, aðstoðaryfir-lögregluþjónn á lögreglustöðinni á Hverfisgötu.

Lögreglan heimsótti um 50 bari og veitingastaði á mánudag og þriðjudag til að hafa eftirlit með því hvort samkomubann og til-mæli um rekstur slíkra staða vegna kórónaveirufaraldursins væru virt. Fjöldi fólks sótti veitingastaði og bari þessa daga og þrátt fyrir að götur borgarinnar væru að mestu auðar var mikil stemning inni á stöðunum.

„Samkvæmt auglýsingu heilbrigðisráðherra er leyfilegt að hafa veitingastaði opna en ekki krár, bari og skemmtistaði,“ segir Jóhann. „Við vorum farnir að fá hringingar frá bareigendum sem voru með lokað hjá sér en bentu okkur á að aðrir barir væru opnar,“ bætir hann við.

Lögreglan fór á stjá á mánudagskvöld og komst á snodir um að þrjú barir væru opnar þrátt fyrir að hafa ekki til þess tilskilin leyfi. „Svo daginn eftir fórum við á yfir 40 staði. Þrjátíu þeirra voru lokaðir en aðrir fjórtán voru opnar og tíu þeirra voru með rétt leyfi en fjórir þeirra voru það ekki. Samtals voru því sjö staðir opnar sem máttu ekki vera opnar,“ segir Jóhann.

Á þriðjudagskvöld var stemningin inni á mörgum stöðum líkt og um föstudags- eða laugardagskvöld væri að ræða. Fjöldi fólks kom saman og mörg dæmi voru um að fólk virti ekki tveggja metra



Siðustu kvöld hafa margir heimsótt veitingastaði og bari. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við vorum farnir að fá hringingar frá bareigendum sem voru með lokað hjá sér en bentu okkur á að aðrir barir væru opnar.

Jóhann Karl Þórisson, aðstoðaryfir-lögregluþjónn

regluna og heilsaðist jafnvel með handabandi eða faðmlegi. Jóhann segir lögregluna fylgjast vel með því hvort að veitingastaðir borgarinnar geti tryggt tveggja metra fjarlægð á milli viðskiptavina sinna.

„Ef pláss milli borða er tveir metrar og fólk á kost á því að halda tveggja metra fjarlægð sín á milli er það í lagi, lögreglan er ekki að skipta sér af því hvort fólk haldi þeirri fjarlægð sín á milli ef það er úti að borða með sínum nánustu,“ segir Jóhann.

Þá segir hann að þeir staðir sem voru opnar þegar lögregluna bar að garði án þess að hafa til þess leyfi hafi fengið viðvörðun, en verði þeir uppvísir að slíku athæfi að nýju geti þeir átt von á sekt sem geti numið allt að hálfri milljón.

„Vonandi fá svo bara allir að hafa opið eftir 25. maí líkt og talað hefur verið um. Þá dreifist fólk betur og hefur meira val.“

birnadrofn@frettabladid.is

Slitsterk
TEPPI
fyrir stigaganga

KOMUM
Á STAÐINN
OG GERUM
TILBOÐ

ALLIR VINNA

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

- síðan 1986 -



Sumarið byrjar í 66°Norður

20% afsláttur af öllum hlaupa- og gönguskóm 14. - 18. maí



La Sportiva TX5 GTX
Gönguskór

Skórnir eru úr leðri með vatnsheldri Gore-Tex filmu sem andar. Henta fyrir gróft undirlag og eru með góðu gripi.

35.000 kr. **28.000 kr**



La Sportiva Stream GTX
Gönguskór

Léttir alhliða gönguskór með vatnsheldri Gore-Tex filmu.

31.900 kr. **25.520 kr**



La Sportiva Helios III
Hlaupaskór

Alhliða hlaupaskór fyrir náttúruhlaup sem henta einnig á malbiki þar sem þeir eru mjúkir og með góða dempun.

25.000 kr. **20.000 kr.**



La Sportiva Trango TRK Leather GTX
Gönguskór

Gönguskór sem anda vel, eru með vatnsheldri Gore-Tex filmu og veita góðan stuðning. Henta vel í grófu undirlagi í íslenskum aðstæðum.

46.000 kr. **36.800 kr**



Snæfell
NeoShell® útivistarjakki

Vatnsfráhrindandi og vindheldur jakki með einstaka öndun. Hentar frábærlega í alhliða útivist. Dömu- og herrasnið.

62.000 kr.



Grettir
Polartec® Power Dry® hálfrennd peysa

Grunnlag sem heldur vel hita en andar um leið vel. Dömu- og herrasnið.

14.000 kr.



Staðarfell jakki
Polartec® NeoShell® sport jakki

Vatnsfráhrindandi og vindheldur jakki með einstaka öndun. Hentar vel fyrir hlaup, hjól, golf og almenna útivist. Dömu- og herrasnið.

39.000 kr.



Steinn
Buxur

Buxur úr teygjanlegu og vatnsfráhrindandi efni sem henta vel í fjallgöngu, í golfið eða dagsdaglega í borginni. Dömu- og herrasnið.

19.000 kr.

Dómari hafnar kröfu um að víkja sæti vegna vanhæfis í máli Erlu Bolladóttur

DÓMSMÁL Sigrún Guðmundsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, hafnaði í gær kröfu um að hún víki sæti sem dómari í máli Erlu Bolladóttur gegn íslenska ríkinu. Í málinu gerir Erla kröfu um að úrskurður endurupptöku nefndar um synjun á beiðni hennar um endurupptöku á hennar þætti í Guðmundar- og Geirfinnsmálum verði felldur úr gildi.

Krafa Erlu um að Sigrún víki sæti byggir á því meðal annars að afstaða hennar til sönnunargagna

í málinu liggi fyrir og af því leiði að úrslit málsins séu ráðin áður en málið er flutt og dómtekið en Sigrún sýknaði íslenska ríkið nýverið í bótamáli Guðjóns Skarphéðinsonar.

Í úrskurði sem Sigrún kvað upp í gær segir meðal annars að þótt dómari taki afstöðu í einu máli til sönnunaratriðis eða sönnunargagns geri það hann ekki vanhæfan til að taka rökstudda afstöðu til sömu atriða eða gagna í öðru máli.

Ragnar Aðalsteinsson segir í sam-

tali við Fréttablaðið að úrskurðurinn verði kærður til Landsréttar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá eru lögmennt Kristjánar Viðars Júlíussonar og dánarbús Tryggva Rúnars Leifssonar einnig ósáttir við að málum skjólstæðinga þeirra hafi verið úthlutað til Sigrúnar eftir að dómur í máli Guðjóns var kveðinn upp en þeir hafa gert sambærilegar bótakröfur og ríkið var sýknað af í máli Guðjóns.

Þetta þýðir að öllum eftirmálum sýknudóms Hæstaréttar í Guð-



Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fer með málið fyrir Erlu.

mundar- og Geirfinnsmálum, sem ratað hafa aftur til dómstóla hefur verið úthlutað til sama dómara.

Í dómstólalögum er kveðið á um að dómstóls annist úthlutun mála til dómara. Í lögnum segir að gæta beri að því að starfsálag á dómara sé sem jafnast og skal leitast við eftir föngum að tilviljun ráði hvaða dómari fær mál til meðferðar. Er reglunni meðal annars ætlað að tryggja að mál séu flutt fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. – aá

Vigfús sekur um ásetningsbrot

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær 14 ára fangelsisrefsingu yfir Vigfúsi Ólafssyni fyrir brennu og manndráp af ásetningi. Hæstiréttur féllst á að taka málið á Selfossi til meðferðar enda gæti úrlausn réttarins um mörk ásetnings og gáleysis haft verulega almenna þýðingu.

» Ákærða hafi ekki getað dulist afleiðingar þess að kveikja eld í stofunni.

Í dóminum segir að þótt mörk gáleysis og ásetnings geti skarast verði að leggja til grundvallar það mat Landsréttar að ákærða hafi ekki getað dulist afleiðingar þess að kveikja eld í stofu íbúðarhússins og að hann taldi ákærða hafa haft vitund um afleiðingar háttsemi sinnar en engu að síður látið sér í léttu rúmi liggja hvort eldurinn breiddist út þannig að mönnum yrði lífsháski búinn, eignatjón yrði og líklegt væri að þeir sem væru á efri hæð kæmust ekki undan og biðu bana. – aá

Langflest fá greiðslufrest

EFNAHAGSMÁL Rúmlega 96 prósent afgreiddra umsókna frá fyrirtækjum um greiðslufrest á lánum hafa verið samþykktar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Samtökum fjármálafrirtækja.

Ná tölurnar yfir tímabilið frá 23. mars, þegar Samkeppniseftirlitið veitti undanþágu fyrir samkomulagi um slíka greiðslufresti, og til 4. maí. Alls bærust 1.664 umsóknir til lánastofnana á tímabilinu og höfðu 90 prósent þeirra verið afgreiddar.

Rúmlega 70 prósent fyrirtækjanna sem sóttu um greiðslufrest teljast örfyrirtæki sem þýðir færri en tíu starfsmenn. Tæplega 20 prósent eru lítil fyrirtæki þar sem starfsmenn eru færri en 50. – sar

Áralangur málarekstur um kirkjubyggingu á Hvolsvelli

Í gær fór í annað skipti fyrir héraðsdóm mál Stórólshvolssóknar í Rangárvallasýslu gegn kirkjuráði. Málið snýst um meintar vanefndir á greiðslum fyrir nýja kirkjubyggingu á Hvolsvelli. Það hefur einnig farið milli nefnda innan kirkjunnar og ítrekaðar sáttatilaunir milli aðila hafa ekki borið árangur.

DÓMSMÁL Áralangur málarekstur hefur staðið yfir innan þjóðkirkjunnar um fyrirhugaða kirkjubyggingu á Hvolsvelli. Kirkjuráð samþykkti að veita úthlutanir úr jöfnunarsjóði sókna árin 2009 til 2011, samanlagt 30 milljónir króna, sem voru þó ekki greiddar út úr sjóðnum, og vilýrði fyrir 20 milljóna króna árlegum greiðslum árin 2012 til 2015.

Sóknin, Stórólshvolssókn, sótti eftir því í upphafi árs 2015 að 10 milljónir yrðu greiddar út, samkvæmt áætlun til þess að klára teikningar. Var því svarað á þá leið að skilyrði hefðu ekki verið uppfyllt og síðar sama ár ákvað kirkjuráð að fella greiðslurnar niður.

Halldór Gunnarsson, eða Halldór í Holti eins og hann er gjarnan kallaður, er nú formaður byggingarnefndar Stórólshvolssóknar. Hann var í kirkjuráði þegar úthlutanirnar voru samþykktar en nýtt ráð tók við árið 2011 sem setti viðauka við.

„Ég tel að hrúnið sé ástæða fyrir þessu. Kirkjuráð vildi spara og fresta greiðslunni,“ segir Halldór, aðspurður um þennan viðsúning. „Það var farið fram á að leysa þyrfti úr þessu og laga þetta og þetta, sem sóknarnefndin gerði en gafst síðan upp. Þegar ég flutti á Hvolsvöll og var kosinn formaður byggingarnefndar vissi ég nákvæmlega hvernig staðið var að þessu máli og vildi ekki una meðferðinni sem ég taldi ólöglega.“

Stórólshvolssókn fór með málið fyrir úrskurðarnefnd kirkjunnar og vann. En kirkjuráð vísaði til áfrýj-



Sættir á milli kirkjuráðs og Stórólshvolssóknar hafa ekki náðst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, meðal annars með aðkomu biskups. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

unarnefndar sem sneri málinu við. Var sá úrskurður kærður til héraðsdóms, á þeim grunni að áfrýjunarnefndin hefði ekki verið skipuð sérfróðum mönnum, og voru 2018 dæmdu héraðsdómur sókninni í vil, en Jón Magnússon hefur rekið málið fyrir hana.

Tók áfrýjunarnefnd málið aftur upp og úrskurðaði á nýjan leik í ágúst árið 2019, kirkjunni í vil, og sá úrskurður var einnig kærður til héraðsdóms. Fór aðalmeðferð þess máls fram í gær, og laut meðal ann-

» Að standa að málum eins og kirkjan hefur gert er algjörlega til skammar.

Halldór Gunnarsson, fyrirverandi sóknarprestur



ars að vanhæfi nefndarmannanna Jóhannesar Karls Sveinssonar og Hildar Briem í ljósi fyrri aðkomu að málinu, að hið nýja málskot til áfrýjunarnefndar hefði verið ógilt og að kirkjuráð sjálft hefði ekki tekið ákvörðun um málskot.

Gestur Jónsson rekur málið fyrir kirkjuráð, og sagði fyrir dómi í gær að í ljósi niðurstöðu héraðsdóms frá 2018 hefði ekki verið annað í stöðunni fyrir áfrýjunarnefndina en að halda málinu áfram, þar til aðilar fengu úrlausn. Hvað varðar vanhæfi nefndarmanna sagði hann greinargerðir nefndarmanna eftir kærðu væru ekki tilefni vanhæfis, þá væri hægt að losa sig við hvern sem er með því að kæra.

Sættir hafa ítrekað verið reyndar á milli kirkjuráðs og sóknarinnar, meðal annars með aðkomu biskups. Síðast voru sættir reyndar í haust, en boð kirkjunnar var langt frá því að vera ásáttanlegt að mati sóknarinnar.

„Ég hygg að Rangárvallasýsla sé sú eina í landinu sem hefur ekki stóra kirkju til að halda sínar útfarir í. Stærri útfarir eru sóttar annars vegar til Selfoss eða í Skálholt,“ segir hann. „Við gerum þá kröfu að þjóðkirkjan standi við það að ein stærri kirkja risi í Rangárvallasýslu. Sérstaklega með tilliti til þess að í sýslunni hafa verið seld prestssetur fyrir mjög mikið fé, sem hefur runnið til kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu. Að standa að málum eins og kirkjan hefur gert er algjörlega til skammar.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ Á NÝJUM DEKKJUM!



FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum fyrir fólkubíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði. Uppgefið verð er heill umgangur eða **4 DEKK MEÐ VSK.**

Þekkt merki í boði s.s.: Michelin, Goodyear, Pirelli, Bridgestone, Firestone, Continental, Kumho og Falken. Hér fyrir neðan má sjá dæmi um hvaða dekk og stærðir eru í boði:

225/55R18 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	265/60R18 - 4 stk. sumardekk - 80.000 kr.
225/60R17 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	265/50R20 - 4 stk. sumardekk - 99.000 kr.
225/70R17 - 4 stk. sumardekk - 59.000 kr.	275/70R18 - 4 stk. sumardekk - 69.000 kr.
215/60R17 - 4 stk. sumardekk - 49.000 kr.	285/60R20 - 4 stk. sumardekk - 99.000 kr.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 620-2321



7 ára ábyrgð framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.is

Ert þú klár í ferðasumarið?

Kia býður veglegan ferðaglaðning með
Sorento, Sportage og Niro.

SPORTAGE



Kia Sportage tilboðsverð:

5.990.777 kr.

Afborgun á mánuði 35.261 kr.***

SORENTO



Kia Sorento verð frá:

8.390.777 kr.

Afborgun á mánuði 49.532 kr.**

NIRO




Kia Niro tilboðsverð:

4.390.777 kr.

Afborgun á mánuði 25.941 kr.****

fáanlegur sem



The Power to Surprise

Ferðaglaðningur

Öllum nýjum Kia Sorento, Kia Sportage og Kia Niro fylgir veglegur ferðaglaðningur að verðmæti **350.000 kr.**

- Dráttarbeisli með ásetningu
- 10 náttu klippikort frá Icelandair hótélum

Klippikortið gildir fyrir 10x tveggja manna herbergi á Icelandair hóteli að eigin vali.
Settu saman ævintýraferð um Ísland fyrir þig og þína.



Nýr brennsluofn annar fjögur þúsund tonnnum af dýrahraejum

UMHVERFISMÁL Sorpstöð Rangárvallasýslu hyggst koma upp brennsluofni á urðunarstaðnum á Strönd í Rangárþingi ytra fyrir dýrahrae og aðrar dýraleifar.

Í ofninum verður hægt að brenna allt að fjögur þúsund tonn af dýrahraejum á ári að því er segir í tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmdina.

„Með ákvörðun stjórnar Sorpu bs. um að hætta að taka við úrgangi frá Suðurlandi til urðunar í Álfsnesi og með breyttum áherslum hjá



Brennsluofn leysir bráðan vanda.

Kölkun er ljóst að þessar förgunarleiðir eru ekki lengur til staðar. Auk heldur uppfyllir urðun dýrahraeja ekki þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um förgun dýraleifa,“ segir í matsáætluninni.

Þá segir að brennsluofninn á Strönd verði liður í lausn á bráðum vanda sem skapast hafi af þessum sökum. Ofninn afkasti allt að sjö hundruð kílóum á klukkustund.

„Brennslan í brennsluofninum á sér stað við allt að 850°C hita og við það breytist lífræna efnið í ósku,

» Meðal annars má nýta hitann frá brennsluofninum til rafmagnsframleiðslu.

útblástur og hita. Askan sem myndast er að mestu gerð úr ólifrænum hluta úrgangsins og endar annaðhvort sem harðir kögglar eða duft,“ segir í matsáætluninni. Meðal annars megi nýta hitann frá ofninum til rafmagnsframleiðslu.

Strönd á Rangárvöllum er norðan Suðurlandsveggar, miðja vega milli Hellu og Hvolsvallar og er jörðin nú í eigu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.

Á svæðinu eru þegar gámar fyrir mismunandi úrgangsflokka, stórt aðstöðuhús og minna móttökuhús, auk annarra mannvirkja.

„Ekki er gert ráð fyrir að umrædd starfsemi hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið umfram það sem fylgir þeirri starfsemi sem fyrir er,“ segir í matsáætluninni. – gar



Fjölmarginir hafa eignast heitan pott síðustu vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Beðið eftir sendingum af heitum pottum

VIÐSKIPTI Mikil aukning hefur orðið í sölu á heitum pottum síðustu vikur og eru þeir víða uppseldir á meðan beðið er eftir sendingum. Sundlaugar landsins hafa verið lokaðar frá 23. mars síðastliðnum, en verða opnaðar aftur á mánudaginn.

„Við bjuggumst við þessu og eigum nóg af pottum. Það koma sex gámar eftir helgina,“ segir Kristján Berg Ásgeirsson, eigandi Heitra potta.

Uppblásnir heitir pottar eru uppseldir í Hagkaupum. „Við höfum sannarlega fundið fyrir auknum áhuga landsmanna á Lay Z Spa pottunum okkar. Það varð algjör sprenging í sölu og þeir seldust allir upp í kringum páskana,“ segir Margrét Björk Jónsdóttir, markaðsfulltrúi Hagkaupa. „Við eigum von á nýrri sendingu síðar í sumar efallt gengur eftir, og margir sem biða. Fáum fjölmarginar fyrirspurnir á hverjum degi.“

Kristján Berg telur sig vita hvers vegna ásóknin er svo mikil.

„Fólk er að hugsa um sjálft sig og fjölskylduna. COVID-faraldurinn er búinn að breyta hugsunarhætti fólks. Heitur pottur er ódýrasta leiðin til að láta sér líða vel,“ segir Kristján Berg. „Þú kaupir einn pott sem dugur í tuttugu ár, svo er það andvirði einnar pitsu að reka hann á mánuði. Þetta kostar það sama og að fara einu sinni í mánuði með þriggja manna fjölskyldu í sund.“

– ab

Fjórir af hverjum tíu ákveðnir

Enginn af þeim sitjandi þingmönnum sem svöruðu fyrirspurn Fréttablaðsins hyggst hætta á þingi eftir kjörtímabilið. Fyrirspurn var send til allra þingmanna um hvort þeir hygðust gefa kost á sér áfram.

STJÓRNMÁL Kosningar fara að óbreyttu fram á næsta ári en samkvæmt stjórnskipan lýkur kjörtímabilinu í október á næsta ári. Rætt hefur verið um að halda kosningar fyrr en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur engin ákvörðun verið tekin um það.

Fréttablaðið sendi eftirfarandi spurningu þann 6. maí til allra 63 alþingismannanna: Ætlar þú að gefa kost á þér áfram í næstu alþingiskosningum? Svarmöguleikar voru já, nei og óákveðin/n.

Alls bárust svör frá 42 þingmönnum en 21 þingmaður svaraði ekki þótt fyrirspurnin hefði verið ítrekuð þann 12. maí. Sextán þingmenn sögðust ekki vera búnir að gera upp hug sinn en 26 sögðust vera ákveðnir í að gefa kost á sér aftur. Svör einstaka þingmanna má sjá á frettablaðið.is.


Margir þeirra sem sögðust vera óákveðnir sögðu ótímabært að velta mögulegu framboði fyrir sér. Enn væri langt til næstu kosninga og ýmislegt gæti breyst. „Fyrir hönd þingflokks Miðflokksins var mér falið að svara þessum pósti á þeim nótum að enn er langt til kosninga og því ekki tímabært að velta slíku fyrir sér,“ segir í svari Gunnars Braga Sveinssonar.

Af þeim tíu ráðherrum sem eiga sæti á Alþingi bárust aðeins svör frá fjórum: Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur dómismálaráðherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra og Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra. Áslaug, Guðlaugur og Svandís ætla að gefa kost á sér að nýju, en í svari Lilju segir: „Ég hef ekki tekið ákvörðun um framboð. Minn hugur



Enginn þeirra þingmanna sem svöruðu hyggst hætta á þingi að yfirstandandi kjörtímabili loknu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margir ákveðnir



■ Ætla að gefa kost á sér 26
■ Óákveðnir 16
■ Svöruðu ekki 21

snýr fyrst og fremst að því að leysa þau krefjandi verkefni sem blasa við stjórnmalum dagsins og vinna fyrir fólk í landinu.“

Ekki bárust svör frá Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra, Kristjáni Þór Júlíussyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Þórdísi Kolbrúnu Reykjaðóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis og sá þingmaður sem setið hefur lengst á þingi af núverandi þingmönnum, svaraði svona: „Þeir fyrstu sem fá að vita mitt svar við þessari spurningu í fyllingu tímans

Enn er langt til kosninga og því ekki tímabært að velta slíku fyrir sér.

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Miðflokksins



eru félagar mínir í Norðausturkjördæmi.“ Steingrímur hefur setið á þingi frá árinu 1983.

einarthor@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Nánar á frettabladid.is



Ævintýrið hefst í Brimborg!



Kauptu eða leigðu ferðabílinn fyrir sumarævintýrið

Kauptu nýjan eða notaðan ferðabíl eða leigðu sumarbílinn í Brimborg. Öll bílþjónusta á einum stað.

Byrjaðu ævintýrið í Brimborg!



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 og 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

brimborg
Öruggur staður til að vera á

ESTÉE LAUDER

TAXFREE + 10% AFSLÁTTUR

AF ESTÉE LAUDER VÖRUM 14.- 20. MAÍ. KAUPAUKI FYLGIR
EF KEYPTAR ERU ESTÉE LAUDER VÖRUR FYRIR 8.900 KR EÐA MEIRA*.



*á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Snyrtivara



Sakamálarannsókn er hafin á tveimur eldsvoðum í Rússlandi. MYND/EPA

Annar brunni á gjörgæsludeild

RÚSSLAND Sex sjúklingar með COVID-19 létust eftir að eldur kviknaði í gær á gjörgæsludeild á sjúkrahúsi í St. Pétursborg. Er þetta annar slíkur brunni í Rússlandi á skömmum tíma, um helgina lést einn sjúklingur eftir að eldur kviknaði á gjörgæsludeild í Moskvu. Beinast spjótin að öndunarvélunum, en báðar deildirnar notuðu sama búnað. Samkvæmt CNN er sakamálarannsókn hafin á eldsvoðunum.

Alls eru 232 þúsund tilfelli stað-

fest í Rússlandi, flest í Moskvu eða 121 þúsund. Þá eru 2.212 staðfest dauðsföll í landinu. Vladimir Pútín Rússlandsforseti hefur verið í sjálfskípaðri einangrun á heimili sínu í Novo-Ogaryovo síðan í apríl.

Lækkun á olíuverði hefur haft slæm áhrif á efnahag landsins og hefur Pútín verið gagnrýndur fyrir að nota ekki varasjóði landsins til að örva efnahagslífið. Í sjónvarpsávarpi á mánudaginn sagði hann að örvun efnahagslífsins væri hans helsta forgangsverkefni. – ab



Ríkisútvarpið lagðist gegn því að yfirlitið um greiðslur til framleiðenda yrði gert opinbert. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tugmilljóna misræmi ársskýrslu og gagna

Ríkisútvarpið náði ekki lágmarksviðmiðum ráðuneytis um kaup af sjálfstæðum framleiðendum. Tugmilljóna misræmi er milli ársskýrslu og gagna. Samtök iðnaðarins segja skilgreiningar RÚV vega að kvikmyndaframleiðendum.

STJÓRNSÝSLA Ríkisútvarpið náði ekki lágmarksviðmiðum um kaup af innlendum sjálfstæðum framleiðendum árið 2019 sem miðað er við í þjónustusamningi RÚV við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þetta kemur fram í gögnum sem Fréttablaðið fékk afhent eftir úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamála.

Samkvæmt þjónustusamningnum bar RÚV að verja að lágmarki 11 prósentum af heildartekjum sínum til kaupa á utanaðkomandi framleiðslu. Í ársreikningi RÚV segir að heildartekjur hafi numið 6,87 milljörðum. Námu kaupin af sjálfstæðum framleiðendum 722 milljónum króna í fyrra og er það undir viðmiðinu.

Fram kemur í ársskýrslu RÚV að upphæðin sé 766 milljónir króna, sem er yfir viðmiðinu. Talan sem gefin er upp í ársskýrslunni er 44 milljónum króna hærra upp á krónutölu. Engar skýringar hafa fengist hjá RÚV á þessu misræmi þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir. Samningaviðræður standa nú yfir milli ráðuneytisins og RÚV um nýjan þjónustusamning til næstu fjögurra ára.

Fréttablaðið hefur fengið yfirlit af öllum greiðslum til sjálfstæðra framleiðenda á árunum 2016 til

RÚV teygir sig mjög langt í skilgreiningu á því hvað telst sjálfstæður kvikmyndaframleiðandi. Við teljum að með því sé vegið að hagsmunum greinarinnar.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI



2019. Greiðslur fyrir árin 2016 og 2017 hafa verið aðgengilegar á vef Alþingis frá því síðasta haust. Ríkisútvarpið lagðist gegn því að afhenda yfirlitin fyrir árin 2018 og 2019 og bar fyrir sig að í gögnunum kæmu fram upplýsingar um mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni viðsemda félagsins. Þeim rökum hafnaði úrskurðarnefndin og voru gögnin því afhent nú í maí.

Samkvæmt upplýsingum frá fjölmíðlanefnd þarf sjálfstæður framleiðandi að vera fyrirtæki til að falla undir skilgreininguna. Í gögnunum er að finna fjölmarga einstaklinga sem skilgreindir eru sem sjálfstæðir framleiðendur. Fjölmíðlanefnd hefur fjórum sinnum gert mat á starfsemi Ríkisútvarpsins. Í nýjasta

matinu, fyrir árið 2017, sem kom út í lok síðasta árs, eru birtar sömu tölur og í ársskýrslu RÚV. Segir í svari nefndarinnar að nefndin byggi matið á ársskýrslunni og greinargerð frá RÚV en geri ekki sjálfstæða útreikninga.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs Samtaka Iðnaðarins, segir að vinnubrögð RÚV orki tvímælis. „Yfirlitin benda til þess að verið sé að fella almenn viðskiptasambönd og aðkeypta þjónustu frá hinum ýmsu aðilum undir kaup á efni frá sjálfstæðum framleiðendum. Við höfum efasemdir um að þetta samræmist upprunalegu markmiði ríkisins um að efla sjálfstæða framleiðslu,“ segir Sigríður.

Meðal þess sem er flokkað sem sjálfstæð framleiðsla eru greiðslur til þáttastjórnenda í þáttum sem framleiddir eru af RÚV.

Sigríður segir að hún voni að nýr þjónustusamningur ríkisins við RÚV taki á þessu. „RÚV teygir sig mjög langt í skilgreiningu á því hvað telst sjálfstæður kvikmyndaframleiðandi. Við teljum að með því sé vegið að hagsmunum greinarinnar.“

Yfirlit yfir alla sjálfstæða framleiðendur RÚV og greiðslur til þeirra á árunum 2016 til 2019 má nálgast í heild sinni á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is. arib@frettabladid.is

Bretland gliðnar í afléttingu takmarkana

BRETLAND Á sunnudag tilkynnti Boris Johnson afléttingu sóttvarnatakmarkana í þremur skrefum. Slagorði baráttunnar var breytt úr „Vertu heima“ í „Vertu á verði.“ Þetta lagðist hins vegar illa í Skota, Walesverja og Norður-Íra og nú er svo komið að munurinn á milli Englands og annarra landa Stóra-Bretlands hefur ekki verið meiri í 300 ár.

Árið 1998 var ákveðið að hinar fjórar þjóðir Stóra-Bretlands hefðu allar sjálfstæði í mótun heilbrigðisstefnu. Þetta gerir leiðtogum í Edinborg, Cardiff og Belfast kleift að stýra hvernig að afléttingu verður staðid.

Munurinn er margvíslegur. Englendingar hafa ákveðið dagsetningu fyrir opnun skóla en ekkert hinna landanna. Það sama á við hvatningu fyrir ýmsa atvinnustarfsemi. Englendingar og Norður-Írar leyfa

Fyrir Skotland væri það glapræði að hætta með „Vertu heima“ slagorðið núna, miðað við hversu viðkvæm staðan er.

Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands



ferðalög til líkamsræktar en hin löndin ekki. Walesverjar einir hafa ekki tekið afstöðu um hvort fólk eigi að hylja vit sín í fjölmenni. Löndin eru öll að fara sínar eigin leiðir og Walesverjar meira að segja búið til sitt eigið slagorð, „Vinsamlegast haldið áfram að vera heima“.

Leiðtogar Skotlands, Wales og Norður-Írlands hafa allir hafnað boðskap Johnsons. „Fyrir Skotland væri það glapræði að hætta með „Vertu heima“ slagorðið núna, miðað við hversu viðkvæm staðan er,“ sagði Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands.

Um 230 þúsund tilfelli hafa greinst í Bretlandi, og undanfarið um þrjú þúsund á dag. Dánartíðnin er óvenju há, 33 þúsund, og aðeins í Bandaríkjunum hafa fleiri fallið í valinn. Í gær var tilkynnt um tæplega 500 ný dauðsföll.

Stjórnmalaskýrendur eru farnir að tala um að þessar ólíku aðferðir landanna raungeri muninn á hinum fjórum löndum Stóra-Bretlands fyrir almenningi. Það sem er löglegt í einu landi er ólöglegt í öðru. Einnig að þetta gæti skipt miklu máli fyrir sjálfstæðissinna. – khg

Launasjóður listamanna auglýsir

600 mánaða aukaúthlutun vegna sérstakra aðgerða ríkisstjórnar Íslands

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Launasjóð listamanna vegna aukaúthlutunar sem byggir á aðgerðum ríkisstjórnar til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Listamenn geta sótt um 1-6 mánuði til að sinna afmörkuðum verkefnum, skv. 12. gr. laga um listamannalaun, 2. mgr.

Samkvæmt ákvörðun stjórnar er að þessu sinni ekki tekið á móti umsóknum frá listamönnum sem þegið hafa 12 mánaða úthlutun eða meira á árinu 2020.

Umsóknum skal skilað fyrir miðnætti 25. maí 2020. Skrifstofa Rannís lokar kl. 16.

Samanlögð starfslaun árið 2020 miðast við 2.200 mánaðarlaun:

Starfslaun **hönnuða** verða 69 mánaðarlaun

- aukaúthlutun 19 mánuðir

Starfslaun **myndlistarmanna** verða 598 mánaðarlaun

- aukaúthlutun 163 mánuðir

Starfslaun **rithöfunda** verða 763 mánaðarlaun

- aukaúthlutun 208 mánuðir

Starfslaun **sviðslistafólks** verða 261 mánaðarlaun

- aukaúthlutun 71 mánuðir

Starfslaun **tónlistarfyltjenda** verða 248 mánaðarlaun

- aukaúthlutun 68 mánuðir

Starfslaun **tónskálda** verða 261 mánaðarlaun

- aukaúthlutun 71 mánuðir

Umsóknareyðublað er á vefslóðinni www.listamannalaun.is

Nota þarf rafræn skilríki við innskráningu. Eingöngu verður tekið við rafrænum fylgigögnum. Fyrirspurnum er svarað á listamannalaun@rannis.is

Nánari upplýsingar:

listamannalaun@rannis.is

Launasjóður listamanna
artists' salary fund

rannís
www.rannis.is



Upphaf nýrra drauma!



Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.

Stiltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.

Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.



MARKAÐURINN

Getur skilið á milli feigs og ófeigs

Áform stjórnvalda um opnun landamæra léttir á óvissu fyrir ferðaþjónustuna að mati aðalhaffræðinga Arion banka og Íslandsbanka. Ekki er hægt að afskrifa síðsumarið. Flugframboð til og frá landinu er sagt lykiltríði við endurreisn ferðaþjónustunnar.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Aðgerðir annarra ríkja og mögulegt flugframboð til og frá Íslandi mun ráða miklu um hver áhrif opunar landamæra Íslands verða á ferðaþjónustuna, að mati aðalhaffræðings Arion banka.

Aðalhaffræðingur Íslandsbanka segir það geta skilið á milli feigs og ófeigs fyrir mörg ferðaþjónustufyrirtæki ef einhver hundruð þúsund ferðamanna sæki landið heim á seinni hluta ársins.

„Óvissan er vitaskuld enn þá mikil og það í hvaða mæli erlendir ferðamenn munu nýta sér þessa tilslökun hangir á því hvaða reglur verða í gildi í heimalöndum þeirra. Það er enda ekki nema hálfur sigur unninn þó ferðamenn komist tiltölulega óhindrað inn í landið ef þeir þurfa svo að fara í sóttkví eða sæta öðrum kvöðum þegar heim er komið.

En með hliðsjón af því að fleiri lönd eru byrjuð að skoða að slaka á ferðatakmarkunum þá vita þessi áform stjórnvalda á gott,” segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhaffræðingur Íslandsbanka.

Stjórnvöld stefna sem kunnugt er að því að eigi síðar en 15. júní geti þeir sem koma til landsins farið í skimun fyrir kórónaveirunni á Keflavíkurflugvelli. Reynist sýnataka neikvæð þarf viðkomandi þá ekki að fara í tveggja vikna sóttkví.

Þá er einnig gert ráð fyrir að nýleg vottorð um sýnatöku erlendis verði tekin til greina, meti sóttvarnalæknir þau áreiðanleg.

„Þróun ferðaþjónustunnar er áfram háð mikilli óvissu. Flugframboð er ein afforsendum viðspyrnu, sem og almennur ferðavilji á okkar helstu markaðssvæðum. En í dag tókum við þýðingarmikil skref í rétta átt,” var haft eftir Þórdísi Kolbrúnu Reykfrjórd Gylfadóttur ferðamálaráðherra þegar áformin voru kynnt á þriðjudag.

Fjárfestar tóku vel í tíðindin en til marks um það hækkðu hlutabréf nær allra félaga í Kauphöllinni í verði í gær og fór úrvalsvísitalan upp um riflega tvö prósent.

Léttir á óvissunni

„Þetta skref í opnun landamæra var tekið fyrr en ég bjóst við og léttir aðeins á óvissunni sem ferðaþjónustan hefur búið við,” segir Erna



Frá og með 15. júní munu þeir sem koma til Íslands, bæði ferðamenn og Íslendingar, geta farið í skimun við komuna til landsins í stað tveggja vikna sóttkvíar, nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það sem skiptir mestu máli er meðal annars hvað önnur ríki munu gera og jafnframt hvert flugframboðið verður til og frá Íslandi á næstu mánuðum.

Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhaffræðingur Arion banka



Björg Sverrisdóttir, aðalhaffræðingur Arion banka, en hún bendir þó á að aðgerðir annarra ríkja og flugframboð til og frá landinu á næstu mánuðum skipti miklu máli um áhrif aðgerðanna.

„Flugframboðið er lykiltríði við endurreisn ferðaþjónustunnar.

Spurningin er því sú hvaða flugferðir Ícelandair og önnur flugfélög munu bjóða upp á strax í sumar. Við höfum séð á síðustu vikum og mánuðum nokkur flugfélög skera niður áætlanarflug til landsins yfir sumarmánuðina.

Flugframboðið mun eflaust bæði ráðast af fjárhagsstöðu flugfélaga en ekki síður eftirspurn eftir flugferðum. Hvenær munu einstaklingar treysta sér til þess að ferðast á nýjan leik?” segir Erna Björg.

Í nýlegri skýrslu stýrihóps um afnám ferðatakmarkana er bent á að sökum slæms rekstrarstands margra flugfélaga megi telja líklegt að endurkoma þeirra á íslenskan markað geti verið hæg, enda séu flugferðir til Íslands frá bæði Evrópu og Bandaríkjunum löng miðað við aðra sambærilega áfangastaði sem félögin geti flogið á sitt hvorum megin Atlantshafsins.

Stór hluti háannarinnar í ferðaþjónustu er farinn forgörðum en það er alls ekki hægt að afskrifa seinni hluta sumarsins og hvað þá haustið og fyrri hluta vetrarins.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhaffræðingur Íslandsbanka



Auk þess sé íslenski markaðurinn, með eða án ferðamanna, lítill í alþjóðlegum samanburði en af því leiðir að rekstrarleg áhætta geti verið fölginn í því að hefja flug til Íslands samanborið við aðra áfangastaði.

Jón Bjarki segist telja mikilvægt

að gera ekki lítið úr því sem forsvarsmenn innan ferðaþjónustunnar hafa bent á að enn sé til staðar „allmyndarlegur bunki af bókunum sem ekki er búið að afbóka.

Það verður töluvert léttari róður að fá þá ferðamenn til þess að standa við bókanir sínar, sér í lagi ef viðkomandi þurfa ekki að sæta meiriháttar kvöðum þegar heim er komið aftur, heldur en að fá inn nýjar bókanir. Fyrir þá sem eiga ekki um marga kosti að velja getur það orðið freistandi möguleiki að standa við ferðina til Íslands.

Það væri meira að segja hægt að selja það sem ákveðin fríðindi að geta koma hingað í tiltölulega rúmar aðstæður, ef svo má að orði komast, og sótt helstu ferðamanna-staði landsins án þess að lenda í kraðaki og notið auk þess hagstæðara verðlags en verið hefur,” segir hann.

Bjartari sviðsmyndir

Stór hluti háannarinnar í ferðaþjónustu er farinn forgörðum, að mati Jóns Bjarka, en hann segir alls ekki hægt að afskrifa seinni hluta sumarsins, haustið og fyrri hluta vetrarins.

„Það getur skilið á milli feigs og ófeigs fyrir mörg ferðaþjónustufyrirtæki, sem eru einnig að nýta sér úrræði sem eiga að létta þeim róðurinn, á borð við hlutabótaleiðina, lánaþyrngreiðslur og frýstingar á lánunum, ef hingað koma einhver hundruð þúsund ferðamanna á seinni hluta ársins. Það gæti breytt stöðunni töluvert til hins betra.

Aukinn ferðaáhugi landsmanna hér innanlands hjálpar einnig til þó svo að hann vegi skammt gegn því þunga höggi sem ferðaþjónustan hefur orðið fyrir. Hann getur mildað áhrifin og jafnvel reynst töluvert búbot á einstökum landsvæðum,” nefnir Jón Bjarki.

Erna Björg segir fréttirnar vissulega jákvæðar en áhrif aðgerðanna eigi enn eftir að koma í ljós.

„Að undanförunni hafa verið að teiknast upp dökkar sviðsmyndir um að nær enginn ferðamaður komi til landsins það sem eftir er af árinu – að ferðamannastraumurinn hingað verði í mýflugumynd – en þessar aðgerðir auka að minnsta kosti líkurnar á því að haustið og veturinn verði bærillegri en ella. Þær auka jafnframt líkurnar á því að við getum unnið okkur hraðar út úr kreppunni,” segir hún.

Gögn um störf Aldísar fyrir eftirlitið ekki talin vinnuskjöl

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vísaði í síðasta mánuði kröfu Eimskips um að fá afhent ýmis gögn um vinnu Aldísar Hilmarsdóttur, framkvæmdastjóra húsnæðisbótasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, fyrir Samkeppniseftirlitið til nýrrar meðferðar fyrir eftirlitinu.

Samkeppniseftirlitið hafði áður hafnað beiðni Eimskips með vísan til meðal annars þess að um væri að ræða vinnuskjöl sem útbúin hefðu verið innan stofnunarinnar til eigin nota.

Eins og fram hefur komið hefur Aldís unnið á síðustu árum með Samkeppniseftirlitinu að rannsókn á meintu ólögmætu samráði Eimskips og Samskipa, að hluta samhliða störfum sínum fyrir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Eimskip krafðist þess að fá aðgang að meðal annars öllum tölvupóstsamskiptum á milli eftirlitsins og Aldísar, reikningum henn-

» Eimskip krafðist þess meðal annars að fá aðgang að öllum tölvupóstsamskiptum á milli Samkeppniseftirlitsins og Aldísar.

ar og afritum af skýrslum, minnisblöðum og öðrum vinnugögnum sem orðið hefðu til í tengslum við vinnu hennar fyrir eftirlitið.

Áfrýjunarnefndin féllst ekki á að umrædd gögn gætu talist vinnuskjöl í skilningi stjórnsýslulaga og þar með undanþegin upplýsingarétti Eimskips á þeim grundvelli.

Nefndin bendir meðal annars á að störf Aldísar hafi ekki verið frábrugðin störfum utanaðkomandi verktaka, sem alla jafna starfa mjög sjálfstætt, bera ábyrgð á árangri verksins og eru unnin án stjórnunarrettar vinnuveitanda. – kj



AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYR
VESTMANNAEYJUM

Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar viðskiptum.

Honest
organic coffee



SIXT
langtímaleiga

„Ég á örugglega eftir að sakna óvæntu útgjaldanna... ...not!“

Sixt langtímaleiga einfaldar lífið!

Fyrirsjáanleiki er lúxus. Óþægilegar uppákomur og tímafrekir snúningar í kringum fjölskyldubílinn er aldrei spennandi tilhugsun og hreinn tímapjófur. Bíll í Sixt langtímaleigu er þægilegur kostur sem gefur þér meira svigrúm og öryggi í dagsins önn.

**Ein föst greiðsla á mánuði,
enginn óvæntur kostnaður...**


...og allir kátir!

Kynntu þér kosti langtímaleigu
á sixtlangtímaleiga.is eða hafðu
samband við viðskiptastjóra
Sixt í síma 540 2222 eða á
vidskiptastjori@sixt.is

Innifalið í langtímaleigu:

- Þjónustuskoðanir
- Hefðbundið viðhald
- Tryggingar og gjöld
- Dekk og dekkjaskipti

sixtlangtímaleiga.is





Einn af óþekktu hermönnum er þessi nafnlaus foss í Eyvindarfjarðará sem óneitanlega minnir á Öxarárfoss – en er í fleiri þrepum. MYND/ÓMB

Óþekktu hermennirnir

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Í lok heimsstyrjaldarinnar fyrri varð frægt hugtakið „óþekkti hermaðurinn“ (The Unknown Soldier), en með því vildu ríkisstjórnir vesturveldanna minna á hlutdeild óbreyttra hermanna í hildarleik stríðsins. Þannig létu ríkisstjórnir Bretlands og Frakklands jarðsetja óþekktan hermann í dómkirkjunni Westminster Abbey í Lundúnum og undir Sigurboganum í París. Upp af Ófeigs- og Eyvindarfirði á Ströndum eru hundruð fossa, flestir í þremur blátærum bergvatnsám: Hvalá, Rjúkandi og Eyvindarfjarðará. Sumir eru í hópi stórbrotnustu fossa landsins líkt og Drynjandi, Rjúkandi og Eyvindarfjarðarárfoss. Síðan eru tugir annarra tilkomumikilla fossa sem eiga það sameiginlegt að bera ekki nafn. Það sýnir hversu ósnortid og fáfarið þetta svæði er. Þar hafa fáeinir bændur smalað heidar á haustin, sem eru oft afgirtar gljúfrum og ám.

Í allmörg ár hefur staðið til að virkja bæði Hvalá og Eyvindarfjarðará. Þá hefðu þessir merku fossar minnkað mikið, eða þornað upp, sem hefði gjörbreytt ámynd þessarar ósnortnu náttúruparadísar. Til allrar hamingju var nýlega ákveðið að slá framkvæmdum við Hvalárvirkjun á frest – vonandi þó til frambúðar. Fossarnir steypast fram af hörðum berglögum og í návígi við þá nötrar jörðin undir fótum manns. Við ströndina er mergð sjófugla og á göðum degi sjást þar selir og jafnvel hvalir. Sérstada svæðisins felst í því að þarna eru engir vegir; en titillinn á frábærri bók rithöfundarins Hrafn Jökulssonar um svæðið er einmitt: Þar sem vegurinn endar. Þar er greint frá einstakri sögu Árneshrepps en einnig má þar finna lýsingar á skemmtilegum karakterum og stöðum í einum afskekktasta og víðfeðmasta hreppi Íslands. Það er einmitt sagan í bland við lítt snortna náttúru, sem gerir ferðalag um Strandir svo eftirminnilegt.

Fossarnir nafnlausu eru eins og punkturinn yfir i-ð á því ferðalagi og þá er auðveldara að nálgast en margir halda. Frá Hólmavík er 100 km akstur í Norðurkjörð, þar sem gista má á hóteli eða í skála Ferðafélags Íslands sem einnig býður upp á frábært tjaldstæði. Skammt undan er Krossneslaug bókstaflega í flæðarmálinu og býður upp á sjódheitt útsýni að Reykjanes-hyrnu og fjallgarðinum suður af Trékyllisvík. Frá Norðurfirði er tæplega klukkustundar akstur á jeppa að Hvalárfoss. Þaðan er tilvalið að leggja í göngu að óþekktu hermönnum um leið og Drynjandi, Rjúkandi og Eyvindarárfoss eru skoðaðir.



Fossanna á Ströndum má njóta í návígi og þá hristist jörðin undir manni. Kálfa-tindar í baksýn. MYND/TG



Fossarnir eru af öllum stærðum og gerðum. Þessi ónefndi foss í Rjúkandi skartar vegg úr stuðlabergi. MYND/ÓMB



Fókus á hjarta landsins

VÖNDUÐ VERKFÆRI FÁST Í SINDRA

TILBOÐ

VERKFÆRASKÁPUR 383 VERKFÆRI

Fastir lykklar, opnir lykklar, pípulyklar og sexkantasett. Toppalyklar á lið, skrallyklar Höggskrúfjárn, öfuguggasett, toppar fyrir pinbolta 1/4" topplyklasett með djúpum toppum og sexkantasetti.

vnr IBTGT-38303

249.900 m/vsk

Fullt verð 341.300



TILBOÐ

HJÓLATJAKKUR 2.5 TONN LÁGUR

Lyftigeta: 2.500 kg
Mesta hæð: 455 mm
Minnsta hæð: 85 mm
Þyngd: 20 kg

vnr TZ830018

15.900 m/vsk

Fullt verð 25.350



TILBOÐ

TOPPASETT 1/4" 3/8" 1/2" 200 STK

Alhliða topplyklasett
1/4" sexk. toppar 4-14mm
3/8" sexk. toppar 10-19mm
1/2" sexk. toppar 10-32mm

vnr KW1037

14.900 m/vsk

Fullt verð 26.899



TILBOÐ

28 HLUTA TOPPLYKLASETT

Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 8- 32mm
Framlengingar: 5" & 10"
T-Skaft, liður.
Framlenging með LED ljósi

vnr IBTGCAI2802

9.900 m/vsk

Fullt verð 14.200



TILBOÐ

VERKFÆRASKÁPUR PRO TÓMUR

5 miðlungs & 2 stórar skúffur
Sterkt vinnuborð úr ABS efni
Renniskúffur með afturköllunarkni
Einungis hægt að opna eina skúffu í einu
Samanbrotinn lykkill
Plasthandföng

vnr IBTTCAC0702

74.900 m/vsk

Fullt verð 117.600



TILBOÐ

45 HLUTA TOPPL, & BITASETT 1/4"

Lítið sett með mikla möguleika
Skrall með lið
1/4" Drive sexkant toppar
5.5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14mm

vnr IBTGADW4501

5.900 m/vsk

Fullt verð 8.600



TILBOÐ

PENNALJÓS LED 230 LUMEN

vnr IBTJATO405S

1.590 m/vsk

Fullt verð 2.850



TILBOÐ

VINNUSTÓLL MEÐ HILLU

vnr TR6201C

6.545 m/vsk

Fullt verð 7.700



TILBOÐ

VERKFÆRAVAGN 283 VERKFÆRI

Fastir lykklar og skrallyklar
Topplyklasett 1/2"
Topplyklasett 3/8" og skrúfjárn.
Torx og Spline.
Tangir, bítar og splittatangir
Hamar, meitlar úrrek og fl.

vnr IBTGT-28305

169.150 m/vsk

Fullt verð 199.000



TILBOÐ

51 HLUTA TOPPLYKLASETT

vnr IBTGCAI5102

7.422 m/vsk

Fullt verð 9.900



SKRÚFSTYKKI 6"

vnr IBTDJAC0106

18.900 m/vsk

Fullt verð 28.325



22 HLUTA TOPPLYKLASETT

vnr IBTGCAI2202

6.469 m/vsk

Fullt verð 8.087



www.sindri.is / sími 575 0000

Skútuvogi 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður | Bolafæti 1 - Reykjanesbæ

SINDRI

Leiðréttingin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Hneigðin til að leiðrétta fortíðina er orðin ansi áberandi í samtíma okkar. Þá er þurrkað út það sem þykir óþægilegt eða óæskilegt. Það má ekki vera til sýnis, því það gæti afvegaleitt óharðnaðar og áhrifa-gjarnar sálir, sem gætu í sakleysi sínu ætlað sem svo að það sem einu sinni þótti sjálfsagt sé það enn.

Facebook er á þessum stað í tilverunni, en þar á bæ leyfist ekki að birta myndir af sigarettum. Hér áður fyrr þótti sjálfsagt að fólk reykti og það meira að segja í flugvélum. Þá þótti töff að reykja, en svo breyttist það og reyndar svo mjög að nú má ekki lengur minna á að þessi (ó)siður þótti eitt sinn sjálfsagður. Fjölmargir einstaklingar um allan heim reykja svo enn – sumir þeirra meira að segja eins og strompar, en hin sómakæra Facebook vill ekki af þeim vita. Bert fólk þykir vist líka afar óæskilegt á Facebook, þrátt fyrir að öll séum við einhverjum stundum nakin. Facebook er teprulegt fyrirbæri. Þar á að sýna snottar myndir svo engum verði misboðið. Snottar myndir eiga vissulega sinn tilveru-rétt en sýna samt ekki alltaf réttu myndina.

Á auglýsingamynd um leiksýninguna Níu líf í Borgarleikhúsinu, sem fjallar um ævi Bubba Mort-hens, má sjá goðið með sigarettu í munni. Þetta er flott mynd af ungum manni sem reykti mikið og gerði reyndar fleira sem þykir kannski ekki með öllu gott. Vegna afstöðu Facebook, og kvartana annars staðar frá, var sigarettan fjarlægð af hluta auglýsinga-efnisins. Ekki verður horft fram hjá því að án sigarettunnar verður myndin af Bubba fremur hversdagsleg.

Óritskoduðu myndina má þó sjá inni í leikhúsinu og þannig fær hún vonandi að vera áfram. Í leikritinu reykja leikarar sem leika Bubba, enda var sigarettan hluti af daglegu lífi hans um langan tíma. Þegar sýningar hefjast á verkinu að nýju mun vonandi engin breyting verða á þessu.

Leikhússtjóri Borgarleikhússins segir að leikhúsinu hafi borist kvartanir vegna sigarettu-myndarinnar, þar á meðal frá Krabbameinsfélaginu. Því ágæta félagi ber vissulega að leggja áherslu á forvarnir, en það á ekki að hvetja til ritskoðunar í þágu baráttumála sinna. Í þessu máli hefði Krabbameinsfélagið betur haldið sig til hlés. Einnig má gera ráð fyrir að leikhúsið hafi fengið kvartanir frá einstaklingum úti í bæ, möðgunargjörnum þrös-urum sem stöðugt þefa uppi það sem þeim mislíkar og koma óánægju sinni til skila til þeirra sem þeir flokka sem rétta aðila.

Við breytum ekki fortíðinni og það er ekki hægt að umskrifna hana að eigin vild og geðþótta. Það er heldur engin ástæða til að æsa sig yfir því þegar minnt er á að áður tíðkuðust aðrir síðir en þeir sem sjálfsagðir þykja í dag. Fortíðin er eins og hún var, og þegar hún er ríffuð upp á að segja hverja sögu eins og hún gekk fyrir sig. Síst á að skoða fortíðina með augum rétttrúnaðar og þúrítanisma og fitja stöðugt upp á nefið og þurrka út staðreyndir af því þær henta ekki hugmyndafræði viðkomandi.



Síst á að skoða fortíðina með augum rétttrúnaðar og þúrítanisma.

Halldór



Frá degi til dags

Hinir ystu

Ysta íhaldið er ekki par hrifið af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins. Staksteinahöfundur kallar utanríkisráðherra barn, segir hann vera handbendi embættismanna og fór svo að bendla hann við Mugabe. Aldrei þessu vant var það hið fræga sjálfstæðismanna-félag um fullveldismál sem var með hófsamari gagnrýni. Félagið fór á háa C-íð þegar í ljós kom að tveir löggubílar, sem greiddir eru af Evrópusambandinu að mestu, eru skreyttir litlum Evrópu-fánalímmiðum. Með þessum límmiðum er dómsmálaráðherra víst að gefa þjóðinni puttann og sýna flokksmönnum lítillsvirðingu. Biðið bara þangað til hinir ystu fatta að þingmenn og ráðherrar flokksins eru byrjaðir að tala fyrir opnum landamærum.

Vel til fundið

Þrjú lifeyrissjóðir, Birta, Gildi og LSR, hafa fengið ráðgjafarfyrirtækið Arctica finance til að ráðleggja sér í tengslum við möguleg kaup á hlutabréfum í Icelandair. Þetta var vel til fundið hjá lifeyrissjóðunum þar sem fyrirtækið hefur umtalsverða reynslu af sambærilegum aðstæðum í flugbransanum og Icelandair glímir við, þó þeir sitji nú með kaupendum við borðið en ekki seljendum. Arctica finance var flugfélaginu WOW air innan handar í skuldabréfaútbóði félagsins til fjárfesta.
arib@frettabladid.is

Í þágu námsmanna



Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður
Viðreisnar

Í byrjun apríl horfðu sjö þúsund námsmenn fram á atvinnuleysi vegna efnahagslegra áhrifa kórónaveirunnar, og eru þeir líklega fleiri núna. Stór hluti þessa hóps er fjölskyldufólk. Úrræði ríkisstjórnarinnar til að koma til móts við þá er að skapa rúmlega þrjú þúsund sumarstörf á vegum hins opinbera. Þetta er dökk mynd, sama hvernig henni er snúið.

Okkur er tamt að tala um að áhersla á menntun sé lykillinn að góðri framtíð. Að það sé mikilvægt að við séum þar í fararbroddi meðal þjóða.

Nú í miðju efnahagshruni er mikilvægt að í nálgun okkar á menntamál fari saman orð og aðgerðir.

Í vikunni höfnuðu ríkisstjórnarflokkarnir þrjú tillögu okkar í Viðreisn um að veita auknu fjármagni í atvinnuúrræði námsmanna í sumar. Þeir höfnuðu því líka að útvíkka úrræðið þannig að það næði ekki einungis til opinberra starfa heldur líka til almenna vinnumarkaðarins.

Með sömu nálgun og eftir hrun, þar sem ríkissjóður greiðir helming launa og launatengds kostnaðar á móti vinnuveitanda, leiða störf hjá fyrirtækjum og félagsamtökum til helmingi lægri kostnaðar en störf sem einungis eru á vegum hins opinbera. Þetta skapar fleiri og fjölbreyttari störf fyrir námsmenn auk þess sem ljóst er að fjölmargir námsmenn eru að mennta sig í geirum sem ekki er í boði að vinna við hjá hinu opinbera.

Ráðherrar menntamála og félagsmála héldu í gær næsta innihaldslitinn blaðamannafund þar sem engar nýjar upplýsingar komu fram til viðbótar við þær sem fólust í afgreiðslu Alþingis í vikunni. Fundurinn virðist því fyrst og fremst ætlaður til þess að draga úr eftirmálum klúðurslegra ummæla félagsmálaráðherra fyrir nokkrum dögum.

Og jú, til að upplýsa að það kæmi kannski meira fyrir námsmenn seinna. Vandinn er bara sá að tími aðgerða er núna.



Vandinn er bara sá að tími aðgerða er núna.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímapantanir í síma 511 5800

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

AF KÖGUNARHÓLI

Eru atkvæði skiptimynt?



Þorsteinn Pálsson

Nýleg ummæli þeirra Loga Einarssonar, formanns Samfylkingarinnar, og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar um jöfnun atkvæða milli landshluta má endursegja þannig, að þeir telji jafnræði ekki forgangsmál.

Þannig hefst grein, sem Þröstur Ólafsson hagfræðingur skrifaði nýverið í Kjarnann. Tilefni hennar voru viðbrögð þessara tveggja formanna við svári Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra við þeirri fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, formanns Viðreisnar, hvort setja ætti jöfnun kosningaréttar á dagskrá við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Í grein sinni segir Þröstur Ólafsson einnig: „Jöfnun atkvæðavægis er mergurinn málsins. Það er ekki og má aldrei verða skiptimynt, því þarna liggur lykillinn að samfélagslegum grundvelli lýðræðislegra stjórnarhátta. Það er þó huggun harmi nær að Viðreisn heldur kúrs.“

Rökræðukönnunin setti jafnt vægi atkvæða á dagskrá

Rekja má aðdraganda þessarar umræðu til viðhorfskönnunar, sem forsætisráðherra og formenn stjórnmalaflokka beittu sér fyrir á liðnu ári. Henni var svo fylgt eftir með rökræðukönnun, sem er afar merkilegt nýmæli hér á landi. Þar fékkst skýr mynd af því hvernig fólk í landinu hugsar um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðherra setti jöfnun atkvæða ekki á dagskrá við þá áfangaskiptu endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem nú fer fram. Rökræðukönnunin sýndi hins vegar að fólk í landinu telur að þetta viðfangsefni eigi að vera á dagskrá.

Þegar að var spurt, gat forsætisráðherra því varla gengið skemur til mótis við þetta afgerandi álit en að bjóðast til að kanna hug formanna annarra flokka til þess. Ætla verður að hugur hafi fylgt máli. En ekki er unnt að útløka að þetta hafi aðeins verið leikur í stöðunni til að geta sagt við þjóðina að ekki hafi verið nægur samhugur á Alþingi.

Jöfnuður, skiptimynt eða: ekki forgangsmál Þegar kemur að spurningunni um vægi atkvæða má með hæfilegri einföldun skipta afstöðu stjórnmalaflokka í þrennt:

Jöfnuður, skiptimynt eða: ekki forgangsmál

Þegar kemur að spurningunni um vægi atkvæða má með hæfilegri einföldun skipta afstöðu stjórnmalaflokka í þrennt:

Fyrst eru það þeir sem telja að jafn atkvæðisréttur sé grundvallarregla lýðræðislegra stjórnarhátta og megi því ekki vera skiptimynt til þess að jafna mismunun á öðrum sviðum.

Svo eru það þeir sem telja að atkvæðarétturinn eigi beinlínis að vera skiptimynt. Hugsunin virðist vera þessi: Þar sem hallar á landsbyggðina telst það jafnað út í skiptum fyrir þyngri atkvæði. Þannig eru allir jafnir.

Þá eru það þeir sem vilja, eða segjast vilja, jafnan kosningarétt en telja að ekki beri að setja það mál í forgang þegar hagkvæmt þykir að halda friðinn við fylgjendur skiptimyntarhugmyndafræðinnar.

Að rjúfa friðinn

Á síðustu öld rauf Sjálfstæðisflokkurinn tvívegis, 1942 og 1959, friðinn við

fylgjendur hugmyndafræðinnar um atkvæði sem skiptimynt. Þá voru skref stigin til jöfnunar atkvæða í samvinnu við Alþýðuflokk, Sósíalista og síðar Alþýðubandalag. Við lok síðustu aldar stigu svo allir flokkar í sátt og samlyndi lítið skref í áttina.

Á þessari öld hefur Sjálfstæðisflokkurinn kosið að halda friðinn við þá sem líta á atkvæði sem skiptimynt. Engum ætti að koma á óvart að miðflokksmenn fylgi hinni gömlu rötgrönu afstöðu Framsóknar um misvægi atkvæða.

En ugglást hefur það komið fleirum en Þresti Ólafssyni í opna skjöldu, að jafnaðarmenn á Alþingi skyldu nú í fyrsta sinn flytja sig yfir í raðir þeirra sem telja að friðurinn við fylgjendur hugmyndafræðinnar um atkvæði sem skiptimynt, skuli hafa forgang.

Eftirfylgnin á Alþingi veikt

Ræða, sem Birgir Ármannsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, hélt fyrr í vetur um þetta efni á Alþingi, benti til þess að ekki væri útilokað að flokkur hans væri nú tilbúinn til þess að taka höndum saman við aðra þá sem vilja jafna vægi atkvæða. Líklega þarf þó mikinn þrýsting til þess að það gerist.

Álit fólksins í rökræðukönnuninni ýtti greinilega við Sjálfstæðisflokknum. Það veikir hins vegar eftirfylgnina á Alþingi, ef Samfylkingin hyggst í raun skerast úr leik, í fullkominni andstöðu við það álit.

Sögulegt tækifæri gæti af þessum sökum farið forgörðum.



Á þessari öld hefur Sjálfstæðisflokkurinn kosið að halda friðinn við þá sem líta á atkvæði sem skiptimynt.

Að standa í lappirnar



Oddný G. Harðardóttir þingflokksformaður Samfylkingarinnar



Það er algjörlega óásættanlegt að rétta þeim einstaklingum og fyrirtækjum fjármuni úr ríkissjóði sem hafa ekki greitt sinn sanngjarna skerf til samfélagsins og hafa sett upp fléttur og flóknar millifærslur beinlínis til að komast hjá því.

Við í Samfylkingunni höfum lagt það til að þeir sem hafa einhver tengsl við aflandsvæði og skattaskjól fái ekki aðstoð úr ríkissjóði vegna COVID-19. Stjórnarflokkarnir hafa ekki tekið undir þá tillögu með okkur.

Panamaskjöldin sýndu að umfang aflandsvæðingar íslensks efnahagslífs var einstakt í heiminum á þeim tíma sem gögnin náðu til. Engin ástæða er til að ætla annað en að slíkt sé enn stundað hér á landi. Milljarðar eru í skattaskjólum sem fólk felur svo það þurfi ekki að greiða sinn hlut til samfélagsins, til heilbrigðisþjónustu, í vegi, löggæslu eða þróunarhjálp.

Jafnaðarmenn hafi ætíð barist gegn hvers konar skattaundanskotum. Við getum ekki sætt okkur við að auðmenn nýti sér skattakjól og láti aðra bera þeirra hlut í velferðarkerfinu. Eina leiðin til að vinna gegn þeim samfélagsmeinum er að banna slíka starfsemi með öllu. Alls ekki má styrkja starfsemina með almannafé.

Pólitísk átök munu fylgja því að uppræta skattaskjól því hagsmunir þeirra sem nýta sér þau eru miklir og þau munu standa saman og segja að það hafi ekkert upp á sig að banna skattaskjöldin. Og að ekki

megi setja girðingar vegna þess að sumar fléttur séu löglegar. Þessa röksemd höfum við oft heyrt, m.a. frá ráðamönnum.

Það er algjörlega óásættanlegt að rétta þeim einstaklingum og fyrirtækjum fjármuni úr ríkissjóði sem hafa ekki greitt sinn sanngjarna skerf til samfélagsins og hafa sett upp fléttur og flóknar millifærslur beinlínis til að komast hjá því. Á þessum erfiðu tímum, þegar glimt er við heimsfaraldur með tilheyrandi tekjufalli og efnahagserfiðleikum heimila, fyrirtækja, ríkissjóðs og sveitarsjóða á að setja um það skýr skilyrði í lögum. Vandinn sem við jafnaðarmenn stöndum frammi fyrir er andstaða ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur og stjórnarmeirihlutans við þetta réttlætismál.

Á tímum heimsfaraldurs er kallað eftir gildum jafnaðarmanna um réttlæti, samstöðu og lýðræði og stjórnmalámönnum sem standa í lappirnar gegn spillingu.

Forsetaefni með víðtæka reynslu

Ég býð mig fram til forseta Íslands sem forseti allra Íslendinga, en ekki sem hagsmunaaðili stórfyrirtækja eða stjórnmalaflokka. Er það mín ósk að þetta embætti sé notað á þann hátt að forseti geti fært valdið til þín í umdeildum málum.

Framboðið mitt er kostað af mér og þigg ég enga styrki en þarf nauðsynlega á meðmælum að halda svo það geti orðið af því.

Nú þarf ég að safna meðmælendum hratt og hef til þess nokkra daga, fram að miðnætti 19. maí. Það er gert í gegnum kosningakerfi á www.skra.is. Notast er við rafræn skilríki eða Íslykil.

Magnús Ingberg Jónsson



Skráðu þig sem meðmælandi á skra.is

BLÖÐIN

Bláðið í dag og safn eldri blaða á frettabladid.is



Skrúfum frá krananum



Hilmar Sigurðsson
forstjóri Saga-film og stjórnaðmaður í Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda

Verkefni þessi misserin snúast að miklu leyti um að skapa fleiri störf, skapa ferðaþjónustunni aukin verkefni og tekjur á nýjan leik, auka tækifæri yngra fólks til spennandi starfa, auka gjaldeyris-tekjur og ekki síst að skapa grundvöll fyrir auknum tekjum ríkissjóðs til framtíðar. Á Íslandi hefur á undanföllum árum byggst upp arðbær, umhverfisvænn og hugvitsdrifinn iðnaður sem uppfyllir öll þau skilyrði sem þarf til að hægt sé að ná framangreindum markmiðum. Kvikmyndaíðnaðurinn.

Greinin er vön því að þenjast út og dragast saman hratt og örugglega og getur margfaldað sig í stærð á stuttum tíma. Kvikmyndaíðnaðurinn starfar í kerfi þar sem allt er uppi á bordum frá fyrsta til síðasta dags þegar kemur að fjárfestingum hins opinbera. Um æðar hagkerfisins hafa runnið margfaldar þær fjárhæðir sem endurgreiðslur vegna kvikmyndaíðnaðar nema. Árlega veltir framleiðsla kvikmynda- og sjónvarpsefnis 27 milljörðum og veitir að meðaltali um 1.800

manns atvinnu á ári samkvæmt nýlegum tölum Hagstofunnar. Samkvæmt sömu úttekt hefur ríkissjóður fengið fjárfestingu sína í kvikmyndaíðnaðinum vel riflega til baka en hreinar útlutningstekjur greinarinnar nema 50% meira en heildargreiðslur til hennar. Þar er um að ræða beinhardan gjaldeyri inn í íslenskt efnahagskerfi. Þá eru ótaldar beinar skatttekjur ríkissjóðs vegna starfsmanna sem eru umtalsvert hærrí en fjárfesting hins opinbera.

Um allan heim eru kvikmynda-verkefni í algjöru frosti. Hér á Íslandi sjáum við til sólar en þrjár stórar leiknar íslenskar sjónvarpsþáttaraðir verða í tókum í lok mánaðar. Þær eru allar fjármagnaðar að mestu með erlendu fjármagni, þó að í þeim öllum sé töluð íslenska. Greinin er í lófa lagið að hefja undirbúning við að laða að enn fleiri erlendu verkefni en það vantar litla gulrótt til hreyfa málin hratt. Markmiðunum að ofan má ná að hluta með tímabundinni hækkun á endurgreiðslu í 35% og með hækkunum á framlögum til kvikmyndaíðnaðar. Það er raunhæft markmið að fimmfalda þannig greininna að stærð á næstu þremur árum. Ríkissjóður situr eftir með meira fjármagn en hann var með áður. Svo ekki sé talað um landkynninguna og afleiddu jákvæðu áhrifin á ferðaþjónustuna og hagkerfið allt. Skrifum frá krananum.

Verðhækkanaalda í boði Seðlabanka



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsýslumaður og stjórnmálaráðgjafi

Við fengum íslensku krónuna fyrir 100 árum. Þá hafði hún sama verðgildi og danska krónan. 1 dönsk var 1 íslensk. Í dag er staðan sú, að 1 dönsk króna er 21 íslensk. Íslenska krónan hefur fallið gagnvart þeirri dönsku um 95%. En þetta er ekki öll sagan.

1981 voru tvö núll sniðin af íslensku krónunni, hún uppfærð 100-falt, án þess að á bak við það byggju nein ný verðmæti. Sýndarmennskuuppfærsla eða andlitslyfting. Hálfgærd fölsun.

Raunveruleikinn er því sá, að 1920 var 1 dönsk króna 1 íslensk, en nú, árið 2020, er 1 dönsk króna 2.100 íslenskar krónur. Íslenska krónan hefur í reynd fallið um 99,95%!

Á sama hátt, rétt reiknað, er 1 evra nú 16.000,00 krónur og 1 Bandaríkjadalur 14.500,00 krónur. Hamborgari ætti að kosta 250.000,00 krónur, meðalbill 500.000.000,00 og 4ra herbergja íbúð 6.500.000.000,00.

Flestir munu væntanlega halda, að þetta sé svæsin lygasaga, ljótur og ósannur áróður gegn blessaðri íslensku krónunni – hreinn tilbúningur og óhróður – en, því miður er svo ekki. Þetta er allt satt og rétt.

Af hverju er íslenska krónan svona ótrúlega veikburða? Skýringin er einföld. Íslenska hagkerfið er örsmátt í samanburði við þau hagkerfi, sem á bak við aðra gjaldmiðla standa. Smávægilegar breytingar geta feykst henni til, upp og niður, en þó allra mest og til lengdar; alltaf niður.

Ég hef stundum gert þá líkingu, að íslenska krónan væri eins og 30 tonna fiskibátur í ölduróti efnahagslegra úthafa, meðan evran er eins og 50.000 tonna hafskíp.

Við getum líka velt upp þeirri spurningu, hvort Bergen-svæðið í Noregi eða Aarhus-svæðið í Danmörku getu haldið úti eigin mynt. Bæði þessi byggðasvæði eru svipuð Íslandi að fólksfjölda og efnahagslegu umfangi.

Ef einhver myndi leggja til sjálfstæða mynt fyrir annað hvort þessara svæða, væri hann ekki aðeins talinn geðveikur, heldur væri hann það.

Af hverju í ósköpunum erum við þá enn með krónuna? Eitt er það, að við elskum og stöndum á bak við allt, sem íslenskt er. Við eigum líka til málshátt í okkar tungu, sem er nokkuð sérstakur: „Svo má illu venjast, að gott þyki.“

Hann segir nokkuð um okkur, okkar eðlisfar og blóðþróa, sem reyndar hefur haldið íslensku mannlífi gangandi í gegnum harðræði undangenginna alda.

En þrái og skynsemi fara sjaldnast saman. Við hljófum smám saman að læra þrennt:

1. Krónan er bara mælikvarði á fjármuni; tekjur og gjöld, eignir og skuldir, sem er kenndur við Ísland til aðgreiningar frá öðrum krónugjaldmiðlum. Að öðru leyti er ekkert íslenskt við hana. Þetta er eins og metri og kíló fyrir lengd og þyngd. 2. Þessi mælieining, eða veikburða grunnur hennar, hefur valdið landsmönnum meiri vanlíðan, vandræðum, óvissu og tjóni, en nokkuð annað; eldgos og plágur meðtalin. Síðasta stóra áfallið var hrúnið. 3. Stjórnvöld hafa endurtekið notað, eða öllu heldur misnotað, krónuna til að færa verðmæti og fjármuni frá launþegum og almenningi yfir á útlutningsatvinnuvegina, einkum yfir á sjávarútveginn, en eðli þessara tilfærslu er í raun eignaupptaka; nauðungartilfærsla á tekjum og eignum milli þjóðfélagsþópa.

Hví er þetta allt rifjað upp hér? Akkúrat þessa dagana er enn ein eignaupptakan og fjármunartilfærslan að eiga sér stað, nú í boði Seðlabanka.

Um áramótin var 1 Bandaríkjadalur 121 króna. Nú er hann kominn í 147. Hann hefur hækkad/krónan fallið um 21%. Svipað gildir um evru. Hún var 135 krónur, og er komin í 160.

Á síðustu mánuðum hefur krónan þannig fallið um 20%, sem mun hækka almennt verðlag á Íslandi um minnst 10%.

Margar verðhækkningar áttu sér stað nú í seinni hluta apríl eða 1. maí. 5%, 7%, 10% hækkningar hafa verið í gangi segja kaupmenn mér,



Seðlabanki hefði átt að beita þessu mikla afli sínu og öllum öðrum tiltækum vopnum til að styðja við krónuna og styrkja hana, meðal annars með öflugum inngrípi í gjaldeyrismarkaðinn og stórfelldum kaupum á krónunni.

og þetta er langt frá því að vera búið. Áður en varir, verður allur innfluttur varningur kominn upp um 15-20%.

Þessi þróun mun svo aftur hækka vísitölur og tengdar skuldbindingar og fara – beint eða óbeint – inn í almennan kostnað og verðlag. Lífskjarasamningurinn mun riðlast, falla í versta lagi. Hrein óheillaþróun!

Hvaða ábyrgð ber Seðlabanki? Hlutverk Seðlabanka er, skv. nýjum lögum, grein 1: „Markmið Seðlabankans er að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi.“

Ög, hvernig hefur Seðlabanki brugðizt? Seðlabanki hefur, að mati undirritaðs, brugðizt heftarlega með því að láta krónuna falla með þessum stórfellda hætti, þegar stöðugleiki og öryggi skipta meira máli, en oftast áður, vegna Covid-19.

Hvað gat Seðlabanki gert? Er krónan ekki á frjálsum markaði? Seðlabanki býr yfir öflugasta gjaldeyrissvarasjóði allra tíma, þökk sé góðari síðustu ára og ferðaþjónustu. Síðast þegar ég vissi, nam hann 950 milljörðum króna.

Seðlabanki hefði átt að beita þessu mikla afli sínu og öllum öðrum tiltækum vopnum til að styðja við krónuna og styrkja hana, meðal annars með öflugum inngrípi í gjaldeyrismarkaðinn og stórfelldum kaupum á krónunni.

Þetta vanrækti Seðlabanki, þess vegna er það rétt, að þær verðhækkningar, sem eru að dynja á okkur, séu – alla vega að miklu leyti – í hans boði.

Ísland vill sjá þig í sumar



Opel Astra Enjoy '17, ekinn 60 þús. km. Verð: 2.990.000 kr.



Nissan X-trail Tekna '19, ekinn 49 þús. km. Verð: 5.190.000 kr.

Kaupauki

FOSSHOTEL

Sjö nærur

með morgunverði. Verðmæti 210.000 kr.



Ævintýrapottur

Skráðu þig til leiks á notadir.benni.is Vinnangar dregnir út á Bylgjunni

með völdum bílum!



Eldsneytiskort

að verðmæti 50.000 kr. frá Orkunni.



Toyota CHR '18, ekinn 60 þús. km. Verð: 3.690.000 kr.



Opel Grandland X '19, ekinn 62 þús. km. Verð: 2.990.000 kr.



SsangYong Korando '17, ekinn 63 þ. km. Verð: 2.690.000 kr.



SsangYong Rexton '16, ekinn 76 þús. km. Verð: 4.390.000 kr.



Opel Mokka X '18, ekinn 32 þús. km. Verð: 3.990.000 kr.

Meira úrval á notadir.benni.is



Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 12-17

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Bilabö
Benni

ALLT AÐ
900.000 kr.
AFSLÁTTUR!

DÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

HEILSAÐU SUMRI Á NOTUÐUM BÍL

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarinn okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 110419

BMW X2 Sdrive20i 2wd
Nýskr. 01/19, ekinn 17 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 5.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
5.290.000 kr.

64.275 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 146547

TOYOTA Rav4 VX
Nýskr. 05/17, ekinn 79 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 4.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.590.000 kr.

43.738 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 130233

NISSAN Micra Tekna
Nýskr. 11/17, ekinn 32 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 2.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.990.000 kr.

24.409 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 110405

RENAULT Captur Intens
Nýskr. 12/15, ekinn 56 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 2.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

21.993 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
800.000 KR.

Rnr. 146469

SKODA Octavia Combi 4x4
Nýskr. 02/18, ekinn 89 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.990.000 kr.

36.490 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 146504

NISSAN Qashqai Tekna 2wd
Nýskr. 02/17, ekinn 43 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.290.000 kr.

40.114 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 146451

OPEL Crossland X Innovation
Nýskr. 03/18, ekinn 12 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð: 3.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.790.000 kr.

34.074 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 146416

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 03/18, ekinn 104 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð: 2.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.290.000 kr.

28.033 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 146407

RENAULT Kadjar Intens 2wd
Nýskr. 07/17, ekinn 35 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.190.000 kr.

38.906 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 146329

RENAULT Koleos Zen 4wd
Nýskr. 10/18, ekinn 35 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.990.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.390.000 kr.

53.403 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
900.000 KR.

Rnr. 146366

SUBARU Outback Lux Eyesight
Nýskr. 08/17, ekinn 167 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.990.000 kr.

36.490 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 146308

HYUNDAI i30 Classic Wagon
Nýskr. 04/17, ekinn 103 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð: 1.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.190.000 kr.

14.745 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 110285

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 03/18, ekinn 70 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 4.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.990.000 kr.

48.570 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 110107

RENAULT Talisman Zen
Nýskr. 04/18, ekinn 27 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.990.000 kr.

36.490 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 110166

HYUNDAI Tucson Classic 4wd
Nýskr. 06/18, ekinn 65 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð: 3.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.290.000 kr.

40.114 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*

Lykill

Allt að 80% lán

Ástandsskoðun

Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bíland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bilaland

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á Lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánskilmálana á heimasíðunni Lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá Lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.



Mason Mount, leikmaður Chelsea.

FA stefnir FIFA

FÓTBOLTI Alþjóðaiþróttadómstóllinn hefur sett mál enska knattspyrnusambandsins gegn FIFA á dagskrá hjá sér þann 24. júní. Enska sambandið er að sækja málið fyrir hönd Chelsea sem var dæmt í félagskiptabann í febrúar árið 2019 fyrir brot á samningum við yngri leikmenn. Chelsea var bannað að kaupa leikmenn í tveimur félagskiptagluggum en eftir að hafa áfrýjað til íþróttadómstóls Evrópu var refsingin milduð. Chelsea byrjaði að nota unga og efnilega leikmenn í banninu sem mörgum sparspekjum þótti skemmtileg nýbreytni. – bb

Hvorki af né á hjá Emil um FH

FÓTBOLTI Emil Hallfredsson, landsliðsmaður hjá Padova í Seríu C, segir í viðtali við hlaðvarpið Steve Dagskrá að hann útiloki ekki að spila með FH í sumar þegar samningur hans við félagið rennur út. Emil æfir með FH þessa dagana enda enginn fótbolti spilaður á Ítalíu. Emil er með samning til 30. júní og ætlar að taka stöðuna þá. „Ég ætla að sjá fyrst hvað gerist með deildina mína. Það er verið að tala um að fara beint í umspil og ef það er möguleiki þá verður það skemmtilegast í stöðunni. Þetta kemur bara í ljós. FH er samt alltaf minn klúbbur. Það er alveg á hreinu,“ sagði Emil meðal annars. – bb

London vill ekki sjá fótbolta

Borgarstjóri Lundúna, Sadiq Khan, er ekki hrifinn af því að byrja að spila í ensku úrvalsdeildinni. Leikmenn hittu forsvarsmenn ensku úrvalsdeildarinnar í gær þar sem farið var yfir næstu skref.

FÓTBOLTI Sadiq Khan, borgarstjóri Lundúna, er ekki hrifinn af þeirri hugmynd að fara að spila fótbolta í höfuðborginni. Ekki meðan hundruð manna eru enn að deyja vegna COVID-19. Enska úrvalsdeildin stefnir að því að byrja að spila um miðjan næsta mánuð eftir að ríkisstjórnin gaf grænt ljós á að hefja æfingar og keppni 1. júní.

„Borgarstjórinn vill að allar íþróttir hefjist en landið er nú samt í miðjum COVID-stormi og hundruð deyja á hverjum degi. Hans skoðun er að það sé of snemmt að ræða um endurkomu íþróttar í höfuðborginni,“ sagði talsmaður Khans við Evening Standard.

Fimm úrvalsdeildarfélög eru í London en borgarstjórinn styður sjálfur Liverpool og hefur viðurkennt að hann myndi fagna mikið og jafnvel lengi fari deildin af stað enda er Liverpool með níu fingur á bikarnum sem félagið hefur beðið eftir í 30 ár.

„Deildin getur aðeins farið af stað þegar það er öruggt og má ekki setja auka byrðar á herðar fólks í framlínunni,“ bætti talsmaðurinn við.

Bannað að tækla

Samkvæmt 40 blaðsíðna skýrslu, sem Sky Sport komst yfir og enska deildin sendi félögum munu leikmenn verða prófaðir fyrir COVID-19 tvisvar í viku en mælt við komu á æfingu hvort þeir séu með hita. Þeir mega ekki koma saman í bíl á æfingar og ekki fara saman eftir þær. Þeir eiga að mæta tilbúnir þar sem búningsklefarnir eru lokaðir. Þá þurfa þrjú bílastæði að vera á milli bíla þeirra. Bannað verður að tækla og leikmenn munu æfa fimm saman til að byrja með í hámark



Mikael Arteta, stjóri Arsenal, með æfingu fyrir faraldurinn. Hann smitaðist af veirunni. Arsenal er eitt af fimm félögum í London. MYND/GETTY

Næstu dagar

Í dag hittast enska úrvalsdeildin, leikmannasamtökin og samtök knattspyrnustjóra. Seinni partinn hittast menningar- og íþróttamálaráðherra og knattspyrnuvirkir.

Á mánudag er næsti fundur ensku úrvalsdeildarinnar en þá mega leikmenn liða snúa aftur á æfingasvæði félaganna. Þann 25. maí þarf enska úrvalsdeildin að vera búin að skila til UEFA hvernig deildin á að byrja á ný og 1. júní mega leikmenn byrja að spila samkvæmt tillögum bresku ríkisstjórnarinnar. Stefnir er að því að byrja enska boltann þann 12. júní.

75 mínútur. Leikmenn eru hvattir til að vera með andlitsgrímur eða buff fyrir vitunum. Þá verða vellir og annar æfingabúnaður sótt-hreinsaðir eftir hverja æfingu. Ef leikmaður meiddist þarf lækni sem er með hanska, svuntu og grímu að sinna honum. Leikmaður sem hefur dvalist erlendis þarf að fara í 14 daga sóttkví.

Forseti leikmannasamtakanna sagði á Sky Sport að leikmenn hefðu engan áhuga á því að vera einhvers konar tilraunadýr en veiran hefur sett yfir 32 þúsund Breta í gröfina. Leikmannasamtökin og deildin hittust á fundi í gær þar sem framhaldið var rætt. BBC greindi frá því í gær að það hefði heimildir fyrir því að fjölmargir leikmenn hefðu lítinn áhuga á því að spila. Sérstaklega þeir sem hafa asma og aðra undirliggjandi sjúkdóma.

benediktboas@frettabladid.is

NÝIR TÍMAR Í SAMGÖNGUM

ÞÚ FÆRÐ RAFHJÓLATRYGGINGU Á TM.IS

Rafhjólatrygging TM er sérsniðin trygging fyrir rafknúin farartæki. Kláraðu málið á tm.is.

HUGSUM Í FRAMTÍÐ

TM



KR-ingar eru meistara í fótbolta og körfubolta karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjármál KR eru í lagi

ÍÞRÓTTIR „Það er ekkert að fjármálum KR og ég skil ekki alveg hvernig þessi umræða verður til,“ segir Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, formaður KR.

Töluvert hefur verið rætt og ritað um skuldir KR eftir að skýrsla Reykjavíkurborgar sýndi að félagið skuldaði 200 milljónir árið 2018. Þá var fullyrt í hlaðvarpinu Dr. Football að knattspyrnudeildin stæði höllum fæti. Gylfi segir að hann sé formaður aðalstjórnar og sé ekki inni á öllum fundum deildanna, en KR er með ellefu deildir innan sinna ræða. „Ég hef ekki heyrt þessa umræðu. Auðvitað eru mörg félög og margar deildir í varnarbaráttu þessa stundina en aðalstjórn KR stendur mjög vel og þar með félagið allt.“

Hann segir að þegar horft er á skuldahlöðina gleymist oft að horfa

á eignahlöðina. „Við erum félag sem á og rekur eignir á svæðinu. Sum félög í Reykjavík eiga ekki eignir og það er hægt að líkja þessu saman að vera í leiguhúsnaði eða eiga einbýlishús.“

Ingvar Sverrisson, formaður ÍBR, sagði í þættinum Sportið í dag á Stöð 2 sport, í kjölfar skýrslu borgarinnar, að KR væri vel rekið félag og ætti eigið fé upp á einn og hálfan milljarð í fasteignum eða mannvirkjum. „Geri aðrir betur,“ segir Gylfi léttur með litlar áhyggjur af umræðunni.

„KR er Íslandsmeistari í fót- og körfubolta og stóð sig vel kvenna megin í sömu greinum. Við erum með frábærar deildir. Þetta er trúlega 10-90 reglan. Ef 10 prósent gengur ekki vel þá fara 90 prósent af timanum að ræða það.“ – bb



FIMMTUDAGUR 14. MAÍ 2020

Tíska



Heiður Ósk Eggertsdóttir ákvað að verðlauna sjálfa sig með förðunarnámi eftir að hafa lokið háskólagráðu í viðskiptafræði. Hún segir sjálfstraust koma innan frá en förðun geti ýtt undir það. →6



Þóra Matthíasdóttir, vörumerkjastjóri hjá Terma, heimsótti Ourika-garðinn í Marokkó sem er í eigu YSL Beauty og fylgdist með konum þar að störfum.

Valdefling kvenna í snyrtivöruframleiðslu

Ourika Garden í Marokkó er í eigu YSL Beauty. Þar eru ræktaðar plöntur sem nýttar eru í snyrtivörur, meðal annars í Pure Shots vörulínuna. Garðurinn er samfélagslegt verkefni sem eflir konur sem höfðu ekki atvinnu áður. →2

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is



Fylgstu með!

Framhald af forsiðu →

Nýju vörulínunni Pure Shots frá YSL Beauty er notast við hrein, náttúruleg efni sem eiga uppruna sinn að rekja til Marokkó. Ourika-garðurinn þar sem ræktunin á sér stað er nálægt Atlasfjöllum. Þar stýrir heimafólk gróðursetningu, greiningu og uppskeru. Einstök veður- og loftslagskilyrði gera það að verkum að plönturnar framleiða öflug, virk innihaldsefni sem skila ávinningi fyrir húðina.

„YSL Beauty tókst að einangra og vinna hvert og eitt virkt innihaldsefni á áhrifaríkan og hreinan hátt. Línan byggir á hreinum formúlum sem eiga uppruna sinn að rekja til náttúrunnar og með hjálp vísinda hefur YSL Beauty tekist að sameina í þessari línu þessa tvo þætti, náttúru og vísindi. Allar vörurnar eru án parabena og koma í endurvinnanlegum og áfyllanlegum umbúðum,“ segir Þóra Matthíasdóttir vörumerkjastjóri hjá Terma.

Eftir miklar rannsóknir og greiningarvinnu við þróun þessarar nýju línu kom greinilega í ljós mikilvægi ákveðinna, virkra innihaldsefna og vinnur YSL Beauty náði með samstarfsaðilum sínum í gegnum allt ferlið. Frá gróðursetningu til uppskeru og loks vinnslu, fara innihaldsefnin í gegnum strangt ferli til að bæta árangurinn enn frekar, að sögn Þóru. Formúlurnar eru sérstaklega þróaðar með tilliti til nákvæmlega réttra hlutfalla af nauðsynlegum, virkum innihaldsefnum. Það er gert til að hámarka samstundis árangur og skila auk þess langvarandi árangri án þess að breyta þeim kröfum sem YSL Beauty gerir um upplifun á áferð og lúxus.

„PURE SHOTS línan er ekki eingöngu möguleiki fyrir konur sem vilja lifa þeim lífsstíl sem þær kjósa án þess að það komi niður á húðinni. Fyrir tilstuðlan Ourika-garðs YSL Beauty hefur samfélag kvenna, sem áður höfðu hvorki atvinnu né hlutverk, nú fengið ný tækifæri til að nýta sérþekkingu sína á heimasvæði sínu,“ segir Þóra.

Landsvæðið er í eigu YSL Beauty og í þessu samfélagslega verkefni var hugmyndin að styrkja og efla konur á þessu svæði þar sem ekki var neina atvinnu að fá. Þetta samfélag hefur fengið tækifæri til að vinna, og nýta hæfileika sína á arðbæran hátt. Samfélag kvenna annast alla ræktun og uppskeru og YSL Beauty greiðir síðan fyrir uppskeruna.

Það sem áður var ónýtt og óræktað svæði er nú einn helsti staðurinn sem YSL Beauty sækir efni í framleiðslu sína á snyrtivörum til. Beint til upprunans. Innihaldsefni úr garðinum eru meðal annars notuð í einhvern vinsælasta farða YSL, Touché Eclat Le Teint.

Ræktunarskilyrðin auka ávinning efnanna

„Virku efnin í Pure Shots vörum koma frá Ourika-garðinum. Staðsetningin gerir það að verkum að plönturnar vaxa við harðgerð loftslags- og veðurskilyrði og mikinn hita. Það gerir þær öflugri og sterkari og eykur ávinning efnanna sem unnin eru úr þeim fyrir húðina,“ segir Þóra.

„Vinnsluferlið hefur einnig sérstöðu þegar kemur að orkusparnaði og umhverfisáhrifum. Notast er við kalt og hægt vinnsluferli, til að varðveita sem best innihaldsefnin og ná því hreinasta úr vörunni. Lágt hitastig við vinnslu varðveitir hreinleika efnanna og hægt ferlið skilar hæsta mögulega magni af virkni þeirra. Notast er við minni orku og minna vatn við



Konurnar sem vinna í Ourika-garðinum hafa þekkingu á svæðinu umfram aðra og eru í raun sérfræðingar. Þær eru ánægðar með þetta atvinnutækifæri.



Efni úr blómum eru notuð í Touché Eclat Le Teint farðann vinsæla.

þetta vinnsluferli og hefur það þannig minni áhrif á umhverfið.“

Þóra heimsótti Ourika-garðinn sumarið 2019 þar sem hún fékk að fylgjast með konunum að störfum. „Það var virkilega skemmtileg upplifun að fá tækifæri til að kynna uppruna vörunnar á þennan hátt og fá innsýn í þá menningu sem landið hefur að geyma. Að komast í þetta návigi við innihaldsefnin og kynna fólkinnu sem er á bak við þá miklu vinnu sem ræktunin er, gerir ekkert annað en að auka skilning og sannfæringu. Það er eitt að heyra um og lesa sér til um

hlutina, en að upplifa þá á þennan hátt og fá að fylgjast með í þessari miklu nálægð sem ég fékk tækifæri til, er annað,“ segir hún.

„Snyrtivörubransinn byggir mikið á því að uppfylla þarfir kvenna, sem oft á tíðum eru byggðar á útliti. Tilgangurinn er að draga fram það besta í hverri konu á því sviði. En það samfélagslega starf og uppbygging sem á sér stað við ræktunina er ekki síður mikilvægt. Það var virkilega gleðilegt og lærdómsríkt að fá að hitta þetta samfélag og þessar konur.

Þær höfðu allar sömu sögu að



Touché Eclat Le Teint farðinn.

segja um betri lífsgæði, góðar vinnuáðstæður og tækifærið sem þeim gafst til atvinnu á sínu heimasvæði, með ræktun þessa landsvæðis. Þær hafa þekkingu á svæðinu umfram aðra og eru í raun sérfræðingar. Það má því segja að valdefling kvenna eigi sér stað á öllum stigum þegar kemur að framleiðslu og notkun varanna. Min upplifun var einnig sú að þessi útfærsla, að fela þeim ábyrgðina á uppskerunni þar sem YSL Beauty kaupir í raun uppskeruna eftir magni og gæðum, skili þeim auknum ávinningi og hafi hvetjandi áhrif fyrir þetta, ef svo má segja, nýja samfélag.“

Máttur næturinnar innblástur nýju línunnar

Teymi sérfræðinga úr röðum líffræðinga, umhverfisfræðinga, húðlækna og grasfræðinga hefur rannsakað áhrif nútímalífsstíls og umhverfisáhrifa á húðina og Pure Shots línan byggir á rannsóknum þessara þátta.

„Umhverfið, of mikil vinna og óreglulegur vinnutími sem oftast en ekki leiðir af sér streitu, skort á svefni og fleiri þætti sem hafa áhrif á húðina og auka líkurnar á ótímabærri öldrun húðar um 30%, voru í lykilhlutverki við þróun línunnar,“ segir Þóra.

„Miklar kröfur og álag sem fylgir nútímalífsstíl hefur áhrif á



Night Reboot úr Pure Shots línunni.

starfsemi húðar. Veldur því að hún hættir að starfa eðlilega og frumuendurnýjun endar í lágmarki. Stjórnvora Pure Shots línunnar, Night Reboot serumið, er sérstaklega þróað með þetta vandamál í huga. Það byggir á einstakri samvinnu náttúru og vísinda. Gróf eða ójöfn húð verður mýkri, sléttari og áferðin falllegri. Night Reboot serumið fjarlægir dauðar húðfrumur, örvar frumuendurnýjun og verndar nýjar frumur.“

Serumið inniheldur 3,4% glycolic síru sem slípar yfirborð húðar og hefur endurnýjandi eiginleika. Það inniheldur einnig náttúruleg innihaldsefni unnin úr blómi drottningar næturinnar (moonlight cactus flower), kaktuss sem blómstrar einu sinni á ári. Efnin úr blóminu komast dýpra niður í húðlögin og hafa viðgerðar- og verndandi eiginleika.

„Máttur næturinnar var innblástur þessarar nýju línu þar sem nóttin gegnir lykilhlutverki í lífinu. Herra Saint Laurent var sannkallaður náttúrufræðingur og næturlífið spilaði stórt hlutverk í hans lífi. Nóttin er tíminn þar sem hægt er að fá næði frá amstri dagsins og hún er einnig tíminn sem sjaldgæfur kaktus blómstrar, einu sinni á ári yfir eina nótt. Lífsvökvi þessa blóms er notaður í formúlu þessa einstaka nætur-serums,“ segir Þóra.

Glaðningur fylgir með öllum Frank Walder kaupum!

FRANK WALDER

NÝ
SENDING

hjá
Hrafnhildi

Tískan er praktískt listaverk

Textílhönnuðurinn Drífa Líftóra Thoroddsen leitar innblásturs í myrkrið, drungann, skrímsli, geimverur, geiminn, þjóðsögur og ofsa náttúrunnar og bera textilverk hennar skýr merki þess.

Jóhanna María
Einarsdóttir

johannamaria@frettabladid.is



Drífa útskrifaðist úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands árið 2014. Áður hafði hún lært við textildeild Fjölbautaskólans í Breiðholti og hefur textíláhuginn fylgt henni æ síðan. Eftir LHÍ fór Drífa í starfsnám í London og að því loknu sneri hún aftur heim til Íslands. „Ég tók mér smá pásu, náði mér í landvarðarréttindi og starfaði sem landvörður um tíma. Mig fór þó fljótt að lengja eftir meiri sköpun í lífi mínu,“ segir Drífa.

Þá hélt hún í eins árs meistaranám í fatahönnun til Parísar þar sem hún sérhæfði sig í nýjum efnum og tækni. „Ég komst að því að það var ekki beint það sem ég hafði áhuga á og vissi að ég vildi fara aftur í grunninn. Ég komst í leiðinni að því að eitt ár er hvergi nægur tími fyrir meistaranám.“

Á kúpunni í Berlín

Eftir París bjó Drífa í eitt ár í Berlín. Þar var hún á kúpunni, eins og hún orðar það og nýtti tímann til þess að auka færni sína í myndvinnsluforritunum Illustrator og Photoshop. Einnig teiknaði hún mikið, saumaði út og prjónaði. „Ég gerði þetta mér til dægrastyttingar, vegna þess að handverk er afar tímafrekt en skemmtilegt og þegar maður þarf að hafa ofan af fyrir sér á ódýran hátt getur handverk og sjálfsnám verið ágætt.“

Það var þarna sem eitthvað small hjá Drífu. „Ég fékk í kjölfarið verulegan áhuga á myndgerð og grafík. Þrátt fyrir að vera komin með meistaraáráðu fannst mér ég ekki vita nóg um efni og hegðun þeirra. Allt frá því ég var í textildeild FB hef ég umgengist og þælt í textíl og fatnaði. Áhuginn blossaði upp aftur og ég ákvað að fara í diplómanám í textildeild í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Ég hef getað nýtt mér námið í MÍR til hins ýtrasta.“



Drífa sýnir lokaverkefnið í Gryfjunni, Ásmundarsal, ásamt bekknum sínum í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Hannaði línu af sjö mynstrum



Mynstrin hennar Drífu geta öll staðið sér, en stemma einnig þegar þau eru lögð ofan á hvert annað.



Afraksturinn af þrykkvinnunni er bæði andlegur sem og líkamlegur.




FLOTT SUMARFÖT, FYRIR FLOTTAR KONUR

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna 

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Kannar myrkfælni á grundvelli mynstra

Eins og er vinnur Drífa nú hart að lokaverkefni sínu í textildeild Myndlistaskólans í Reykjavík. Hún segir að sinn helsti innblástur komi frá fyrirbærum sem vekja ótta hjá henni. „Skrímsli, geimverur og geimurinn, þjóðsögur og ofsi náttúrunnar hafa fram til þessa veitt mér mikinn innblástur. Ég lifi mig alltaf svo mikið inn í hluti að óttinn verður spennandi. Þegar ég hanna vinn ég mikið með sjónhverfingar og hugmyndina um sjónhverfingar. Það heillar mig hvernig má umbreyta mannlíkamanum í ókunna veru með spennandi sniðagerð eða áhrifa-miklum mynstrum.“

Drífa heillaðist fyrst af tisku þegar hún var unglingur. „Þegar ég uppgötvaði Alexander McQueen og sá hvernig hann braut upp tiskusýningarformið varð ég mjög innblásin og það rann upp fyrir mér hvernig hægt væri að sameina alla listmiðla innan tiskunnar. Og það er líka það sem ég fíla við tísku. Hún er praktískt listaverk.“

Völundarhús hugans og væmin blómaveggfóður

Drífa hefur sérhæft sig í silkiprykki í náminu. „Í lokaverkefninu kanna ég reynslu mína af myrkfælni á grundvelli mynstra. Ég hef hannað

„Það heillar mig hvernig má umbreyta mannlíkamanum í ókunna veru með spennandi sniðagerð.“

línu af sjö mynstrum sem byggja meðal annars á hugmyndinni um myrkfælni sem völuandarsal hugans og væmin blómaveggfóður sem taka umbreytingum í fjórðu víddinni.

Mynstrin eru sérstök að því leyti að þau geta öll staðið sér, en stemma líka þegar þau eru lögð ofan á hvert annað. Þetta gerir það að verkum að hægt er að skeyta þeim saman á ótal vegu og þá fast tugar möguleika á mismunandi mynstrum út frá sjö mynstureiningum. Síðan þrykki ég mynstrin og sauma úr þeim flikur, sem ég hef hannað til að passa saman, líkt og mynstrin. Þannig er hægt að blanda saman mismunandi efnum, mynstrum og sniðum.

Það sem mér finnst unaðslegt við að þrykkja er hversu líkamlegt það er, en jafnframt nákvæmt. Eftir margra mánaða vinnu við að stara á tölvuskjá í nákvæmnisvinnu er aðislegt að sjá mynstrin

lifna við og ganga upp á efninu. Ég tala nú ekki um líkamsræktina sem þrykkið er. Afraksturinn er bæði andlegur og líkamlegur.“

Drífa mun sýna lokaverkefni sitt í Gryfjunni í Ásmundarsal ásamt bekkjarsystur sínum í júlí. „Síðan langar mig að þróa lokaverkefnið mitt í litla línu sem ég get sýnt og selt. Í framtíðinni langar mig að starfa við að þrykkja og hanna mynstur, fót og aðra grafík. Síðan fer ég jafnvel í starfsnám til Japans, þegar aðstæður leyfa.“

Drífa Líftóra Thoroddsen er spennandi og upprennandi textílhönnuður sem gefur okkur fulla ástæðu til þess að fylgjast með sér í framtíðinni.



HEAL VISIBLE
SIGNS OF TIME
LYFTIR, MÝKIR, GEFUR LJÓMA

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT

Krem og Uplift serum með rauðum sjávarþörungum sem endurmóta útlínur andlitsins, lyfta, mýkja og gefa ljóma.

#YOUNGERNATURALLY

BIOThERM
THE HEALING POWER OF LIFE PLANKTON

CHRISTY TURLINGTON-BURNS

biotherm.com

BIOThERM MÆLIR MEÐ

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM OG SERUM



Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungis í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækka collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega. Blue Therapy Red Algae Uplift krem og serum hafa sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma

BLUE THERAPY AMBER ALGAE REVITALIZE



Blue Therapy Amber Algae Revitalize dagkrem fyrir andlit, háls og bringu sem hentar fyrir þroskaða húð.

Kremið inniheldur einstakan Amber Algae þörung, Life plankton™ auk uppbyggjandi efna. Það er orkugefandi, nærandi, dregur úr öldrunareinkennum og styrkir varnarkerfi húðarinnar.

Húðin verður frísklegri, með meiri ljóma, mýkri og vel nærð.

BLUE THERAPY ACCELERATED KREM



Blue Therapy Accelerated er silkimjúkt, mjög létt, gelkennt krem með sömu virku þörungunum og eru í seruminu.

Kremið „bráðnar“ við hitastig nálægt húðhita og gengur því samstundis inn í húðina.

Húðin verður rakanærð, línur minna sjáanlegar, húðin virðist þéttari, húðlitur verður frísklegur og ljómandi og útlínur andlitsins verða skarpari.



BLUE THERAPY EYE-OPENING SERUM


Fyrstu merki öldrunar myndast umhverfis augun.

Þetta endurnýjandi augnserum vinnur gegn hrukum og dökkum baugum. Dregur verulega úr þrota og þungum augnpökum. Einstök formúla, sem einnig STYRKIR og ÞÉTTIR augnhárin. NÝ tvöföld tækni með BURSTA fyrir augnhárin og STÁLKÚLU fyrir augnsvæðið. Hentar einnig fyrir þá sem nota linsur.

Einnig til augnkrem í línunni.



Heiður Ósk segir fallett að upplifa hvernig snyrtivörur og rétt förðun getur gefið mörgum aukid sjálfstraust. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Í sumar eru skærir litir í bland við pastellitni hæstmóðins og vinsælt að leika sér með litina og mála jafnvel augnlok og neðri augnlinu sitt í hvorum litnum. Bjartir varalitir eru ríkjandi og þá sérstaklega í bleikum tönum.

Funkerar ekki með þurrar varir

Heiður Ósk Eggertsdóttir ákvað að verðlauna sjálfa sig með förðunarnámi eftir að hafa lokið háskólagráðu í viðskiptafræði. Hún segir sjálfstraust koma innan frá en förðun geti ýtt undir það.

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Mitt besta fegurarráð er að vera dugleg að hugsa um sjálfa sig, hvort sem það snýr að andlegum eða líkamlegum þáttum. Enginn gerir það fyrir mann, en hvað er fegurra en heilbrigð og hamingjusöm manneskja?" spyr Heiður Ósk Eggertsdóttir förðunarfræðingur.

Hún sýndi snemma áhuga á öllu snyrtitengdu en það tók hana langan tíma að átta sig á því sjálf. „Á menntaskólaaldrinum bentu vinkonur mér á að ég hefði extra „touch“ fyrir förðunarvörum og í framhaldinu jókst áhuginn

með hverju árinu sem leið. Það var samt ekki fyrr en eftir að ég lauk háskólanámi að ég fór loks í förðunarnám en það leit ég á sem einhvers konar verðlaun fyrir að hafa klárað háskólann, eins furðulega og það hljómar," segir Heiður Ósk og hlær. „Mig langaði að læra eitthvað algjörlega frábrugðið viðskiptafræðinni og sé sannarlega ekki eftir þeirri ákvörðun í dag.“

Frábær leið til tjáningar

Heiður Ósk segir samblöndun skærra lita og pastellita verða áberandi í förðun sumarsins.

„Litaðir augnblýantar koma sterkir inn og gaman að sjá hvað fólk er óhrætt að prófa sig áfram með þá, bæði ofan á augnlokin og í vatnslínu augnanna. Einlit augnlok

í björtum litum verða áberandi og nú er mikið um það að hafa sinn litinn hvorn á augnlokun og í neðri augnlinu.“

Kinnalitir verða áfram vinsælir en staðsetning þeirra breytist. „Nú er byrjað að draga litinn hærra upp á kinnarnar og staðsetja hann nær sólarpúðri og „highlighter“ frekar en beint á kinnbeinin. Bjartir varalitir verða að sjálfsgöðu á sínum stað og bleiki liturinn verður allsráðandi," upplýsir Heiður Ósk.

Hún setur fáar reglur þegar kemur að förðun.

„Förðun er svo frábær leið fyrir fólk að tjá sig en ef ég ætti að mæla með einhverju er það að sleppa aldrei sólarvörninni. Við Íslendingar missum okkur stundum þegar glittir í sólina en það er gott að minna sig á að sólargeislar geta verið skadlegir og við þurfum góða vörn, sérstaklega á andlitid.“

Gullid hörund kysst af sólskini þykir nú sem endranær eftir-sóknarvert á sumrin.

„Yfir sumartímann er algengara að nota minna af farða og vera frekar úttekinn með freknur. Ljómakrem koma sterk inn því þau gefa húðinni aukinn friskleika og gaman að blanda þeim ofan í dagkrem eða farða. Þeir sem eru ljósir á hörund og eiga erfitt með að ná sér í náttúrulegan lit geta svo auðvitað notað kremkennnd sólarpúður og kinnaliti til að ná fram þessu úttekna lúkki.“

Kærastinn í móttökunefnd

Í snyrtibuddu Heiðar Óskar leynast ótal spennandi snyrtivörur og áhöld.

„Þar sem þetta er atvinnan mín er mikilvægt að vera með puttann á púlsinum og prófa sem flestar nýjungar. Það segi ég kærastanum að minnsta kosti en hann er orðinn sjálfkjörinn formaður móttökunefndar á öllum pökkunum sem ég panta mér," segir hún og hlær.

„Það eru tvær snyrtivörur sem ég gæti ekki sleppt. Ég verð alltaf að geta gripið í brúnkukrem og varasalva. Brúnkukremid hefur komið mér í gegnum margra langa vetur

Prátt fyrir að ég elski snyrtivörur finnst mér gott að minna sjálfa mig á að vera sátt við sjálfa mig án þeirra.

og stundum fylgt mér í gegnum sumarið. Ég er síðan alltaf með varasalva og bæti á hann grimmt yfir daginn; ég funkera einfaldlega ekki með þurrar varir," segir Heiður Ósk kát.

Hún segir kremkinnaliti og kremsólarpúður verða ómissandi í sumar.

„Kremkennar snyrtivörur gefa húðinni fallega og ferska áferð án þess að virka of þungar.“

Spurð hvort gerviaugnhár séu orðin staðalbúnaður í förðun ungra kvenna svarar Heiður Ósk: „Nei, ég kveð ekki svo sterkt að orði en vinsældir þeirra hafa aukist með árunum. Á síðustu árum hefur framboð og úrval gerviaugnhára aukist til muna og það er frábært að sjá alla geta valið sér týpu sem hentar þeirra augnumgjörð. Flestir sem koma til mín í förðun biðja um gerviaugnhár en síðastliðna mánuði hef ég líka gripið mikið í stök augnhár.“

Förðun er stund slökunar

Ásamt því að vera sjálfstætt starfandi förðunarfræðingur vinnur Heiður í tiskuversluninni Andrea í Hafnarfirði ásamt því að vera gestakennari í Reykjavík Makeup School, þaðan sem hún útskrifaðist með diplómagráðu 2017. Sama ár útskrifaðist hún með BS-gráðu í viðskiptafræði.

„Drumurinn var að blanda þessum tveimur gráðum saman og eftir útskrift hef ég unnið hörðum höndum að því að láta drauminn rætast. Ég paraði mig saman við vinkonu mína, Ingunni Sig, þegar við stofnuðum fyrirtækið HI beauty í fyrra en það sérhæfir sig í snyrtinámskeiðum fyrir almennig sem vill læra að farða sig með eigin förðunarvörum. Þá höldum

við uppi Instagram-síðu þar sem við deilum fróðleik um snyrti- og förðunarvörur.“

Sjálft setur Heiður Ósk á sig farða fyrir sjálfa sig og enga aðra.

„Tíminn sem ég nota í að farða mig upplifi ég líka sem slökun og „me-time“. Prátt fyrir að ég elski snyrtivörur finnst mér gott að minna mig á að vera sátt við sjálfa mig án þeirra. Það er ótrúlega fallett að sjá hvað snyrtivörur hafa gefið mörgum aukid sjálfstraust en mér finnst mikilvægt að allir átti sig á að sjálfstraustið kemur innan frá á meðan förðun ýtir einungis undir það.“

Elskar annatíma sumarsins

Heiður Ósk segir allar konur geta tileinkað sér nýjustu tiskustrauana í förðun.

„Auðvitað virkar ekki það sama fyrir alla en allar konur geta prófað sína útfærslu. Ég mæli alltaf með vel snyrtum og mótuðum augabrúnum því þær gera mikið fyrir andlitid en svo er gott fyrir hverja og eina að velja það sem þær vilja ýta undir og draga fram. Þegar við eldumst skiptir máli að hugsa út í hvar og hvernig förðun er staðsett á andlitinu. Ég má til að nefna ásetningu hyljara því með hækkiandi aldri myndast linur í kringum augun og þá þarf að gæta þess að nota góðan hyljara sem ekki sest ofan í linurnar né eykur ásynd þeirra. Þá þarf að passa að velja ekki of ljósan farða.“

Sumrin eru háannatími hjá Heiði Ósk enda tími útskrifta, brúðkaupa og spennandi viðburða.

„Ég elska sumrin og það bíða mín ófáar brúðir sem ég er spenn fyrir að fá að farða fyrir stóra daginn. Við hjá HI beauty erum líka með mörg járn í eldinum og stefnum á nokkur snyrtinámskeið yfir sumarið, og sjálf verð ég gestakennari á sumarnámskeiði í förðunarfræði við Reykjavík Makeup School. Þegar tími gefst ætla ég að reyna að skoða fallega landid okkar og njóta þess að hitta vini og fjölskyldu.“

Fylgstu með Heiði Ósk á Instagram: the_hibeauty, heidurosk og makeupbyheidurosk.



Skórnir frá Trippen eru til í mörgum litum og gerðum og eru með 20% afslætti til 18. maí. Það verður því hægt að gera góð kaup í Bóel á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Geggjaðir Trippen skór á afslætti

Það er sumarstemming hjá Bóel á Skólavörðustíg og af því tilefni er 20% afsláttur af Trippen sumarskóm sem eru nýkomnir til landsins. Margir munu fagna tilboðinu sem stendur frá 14.-18. maí.

Þuríður Ottesen, eigandi Bóel, segir að það sé sannkallaður sumarblær í versluninni þessa dagana. „Við fengum nýja sendingu af Trippen skóm fyrr í vikunni en það er sumarlina þessa vinsæla skóframleiðenda. Það er góð fjárfesting í Trippen skóm því þeir endast lengi. Sumir viðskiptavinir sem koma í verslunina ganga enn á tuttugu ára gömlum Trippen sem enn eru flottir og í fullu fjöri,“ segir hún. „Þeir sem hafa kynnst Trippen skónum vita að þeir eru nánast ódrepanði fyrir utan hversu þægilegir þeir eru. Fyrst og fremst eru þeir fallegir og öðruvísi,“ bætir Þuríður við.

Umhverfisvæn framleiðsla

„Trippen skófyrirtækið var stofnað árið 1990 og hefur haft að leiðarljósi að hanna og gera endingargóðan og smart skófatnað sem sömuleiðis sker sig svoltið frá annarri skóhönnun,“ upplýsir Þuríður. „Þeir sem velja Trippen skera sig úr fjöldanum en skórnir undirstrikar persónuleika þess sem skartar skónum. Þá hafa umhverfis-sjónarmið ávallt verið fyrirtækinu hugleikin og er leðrið til að mynda litað með jurtalitum. Trippen hefur verið í samstarfi við helstu hönnuðu heims á borði við Iris van Herpen, Issey Miyake og Nicholas K, Situationist svo einhverjir séu nefndir.

„Þeir sem hafa kynnst Trippen skónum vita að þeir eru nánast ódrepanði fyrir utan hversu þægilegir þeir eru. Fyrst og fremst eru þeir fallegir og öðruvísi.“

Handgerðir skór

Allir skór frá Trippen eru handgerðir í verksmiðju fyrirtækisins sem er staðsett um 60 km frá Berlín. Við í Bóel höfum selt Trippen frá því í október en fyrsta sendingin seldist strax upp. Við fundum fyrir mikilli ánægju viðskiptavina okkar sem þekktu merkið og gátu núna eignast nýja Trippen skó. Margir lita á Trippen sem ákveðinn lífsstíl og það er gaman þegar viðskiptavinir tala um listaverk í þessu sambandi,“ segir Þuríður.

Vor- og sumarlinan frá Trippen einkennist af skóm í stálgráum lit, brons og platinu. Einnig fást þeir í svörtu og rauðu. „Allir ættu að eiga eina Trippen skó enda liggur áherslan um þessar mundir á að kaupa sjaldnar og velja góð gæði,“ segir hún og bendir á að nú sé tækifæri til að eignast Trippen með 20% afslætti.



Þuríður Ottesen og Anna María Jónsdóttir fyrir utan Bóel á Skólavörðustíg. Í versluninni er að finna mikið úrval af glæsilegum skóm frá Trippen, óvenjulegum og töff fyrir konur sem vilja vera öðruvísi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Óhefðbundnar leiðir

Trippen fyrirtækið hefur verið leiðandi í því að fara eigin leiðir í hönnun og framleiðslu. Skórnir eru óhefðbundnir og höfða til vandlátra viðskiptavina. Það má eiginlega segja að Trippen brjóti allar tiskureglur í skóhönnun sinni því þeir eru einstakir á sinn hátt. Skórnir eru tímalausir og sömuleiðis ekki bundnir við árstíðir. Unnið er með mismunandi efni og liti í hágæða hönnun. Trippen hefur mikið lagt upp úr góðri vinnu- aðstöðu fyrir starfsmenn sína. Samfélagsleg ábyrgð er í fyrirrúmi hjá fyrirtækinu auk umhverfis-sjónarmiða. Þá er framleiðsluferlið vistvænt og nýsköpun mikil.

Stærstu verslanir Trippen eru í Þýskalandi, París, Bretlandi, Ísrael, Taívan, Kína, Mongólíu og Bandaríkjunum. Að auki selja aðrar 450 verslanir um allan heim Trippen skó.

Fyrir utan Trippen skó býður Bóel upp á frjálsgan og töff kvenfatnað auk snyrtivara.

Verslunin Bóel er á Skólavörðustíg 22, sími 834-1809. Heimasíðan er boel.is en hún er í vinnslu og verður fljótlega komin í fulla notkun. Bóel er bæði á Facebook og Instagram þar sem hægt er að fylgjast með nýjum vörum þegar þær koma í verslunina.

Leikur sem höfðar til tiskuvita

Tölvuleikurinn Animal Crossing: New Horizons hefur notið mikilla vinsælda og margir njóta þess að geta spókað sig um í flottustu tiskunni í leiknum á sama tíma og þeir eru fastir heima.

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Animal Crossing: New Horizons kom út fyrir Nintendo Switch leikjatölvuna í mars og hefur notið gríðarlegra vinsælda. Leikurinn býður leikmönnum meðal annars upp á að klæða persónur sínar í alls kyns klæðnað og leikmenn geta líka hannað sín eigin fót. Þetta hefur vakið athygli þeirra sem hafa gaman af tisku og margir hafa fengið útrás fyrir tiskuþarfir sínar í gegnum leikinn á meðan þetta sama fólk er lokað inni heima hjá sér vegna COVID-19. Leikurinn hefur líka náð athygli tiskuhönnuða, sem eru farnir að bjóða upp á vörur sínar á stafrænu formi innan leiksins.

Í umfjöllun PAPER um þetta nýja fyrirbrigði kemur fram að leikmenn hafi nýtt sköpunargleðina til að gera ýmislegt í leiknum sem hönnuðir hans sáu líklega ekki fyrir. Þannig hefur fólk endurskapað raunveruleikþætti á borð við Survivor og Deal or No Deal og Bobby Berk, sem er einn af Queer Eye-genginu, hefur gefið leikmönnum ráð varðandi innan-húshönnun á heimilum þeirra í leiknum.

Stafræn útgáfa af lúxus

Þannig að fólk ver títur sínum í leiknum á mismunandi hátt og sumir hafa fundið frumlegar og fjölbreyttar leiðir til að skemmta sér. Ein af þeim vinsælustu er að endurskapa þekktar tiskuvörur innan leiksins. Töluverður fjöldi leikmanna hefur skemmt sér við þetta og Instagram-reikningar eins og Animal Crossing Fashion Archives, Nook Street Market og Crossing the Runway hafa safnað saman afrakstrinum af þeirri vinnu.


Þar er meðal annars hægt að finna Animal Crossing útgáfur af Prada, Chanel, Dior og Louis Vuitton vörum og þetta hefur vakið athygli tiskuheimsins.

Tiskuhönnuðir taka þátt

Í apríl hóf tiskuhönnuðurinn Sandy Liang og verslunin What Goes Around Comes Around, sem selur klassískar lúxustiskuvörur, samstarf sem snerist um að endurskapa bæði nýjar og gamlar flikur eftir Liang í leiknum, þannig að



Sólgleraugu frá vörumerkinu Gentle Monster eru með í þessum leik. MYND @ANIMALCROSSINGFASHIONARCHIVE



Hér sést hvernig fót frá Gucci koma út í leiknum. Hún er bara virkilega flott. MYND @CROSSINGTHERUNWAY



Það er ótrúlegt úrval af glæsilegum tiskufatnaði í boði í leiknum eins og sjá má. MYND @CROSSINGTHERUNWAY

Þarna er að finna Animal Crossing útgáfur af Prada, Chanel, Dior og Louis Vuitton vörum.

leikmenn gætu hlaðið þeim niður og notað þær á persónur sínar. Vörurnar voru í boði ókeypis, en leikmenn voru beðnir um að gefa fimm dollara til góðgerðarmála ef þeir gátu.

„Ég held að Animal Crossing geti verið öflug leið fyrir vörumerki til að halda sambandi við viðskiptavinina sem þykir vænt um þau,“ sagði Paige Rubin, innkaupastjóri What Goes Around Comes Around, í samtali við Women's Wear Daily. „Á tímaskeiði þar sem svo mörgum fyrirtækjum finnst þau þurfa að vera fullgild lífsstilsmerki til að heilla fólk til lengri tíma getur það verið gagnlegt að gera vörur sínar aðgengilegar á stafrænu formi.“

Fleiri stór nöfn hafa fylgt í kjölfarið, eins og Marc Jacobs, Valent-

ino og GCDS, en þessi merki hafa slegist í lið með umsjónarmönnum Instagram-reikningsins Animal Crossing Fashion Archive til að endurskapa bæði nýjar og eldri flikur frá þeim inni í leiknum.

Lífið sífellt stafrænna

Í ljósi þess að upp á síðkastið hefur tiskuiðnaðurinn þurft að snúa sér að stafrænum tiskusýningum, myndatökum sem fara fram inni á heimilum fólks og hönnunarkeppnum milli viðskiptavina er ekki erfitt að skilja hvers vegna Animal Crossing höfðar til vöru-

merkja sem vilja halda tengslum við viðskiptavinina.

Stór aðdáendahópur leiksins og fjölbreytnin sem boðið er upp á við fatahönnun innan hans gerir það að verkum að hann hentar sérlega vel til að sýna tisku og skapa sniðugar samfélagsmiðlaherferðir. Þar að auki gerir þetta hátísku aðgengilega fyrir fólk sem hefur ekki aðgang að eða efni á henni. Svo gengur þessi tegund af tisku ekkert.

Ef til vill er þetta hluti af stærri þróun sem heimsfaraldurinn hefur hraðað, þar sem líf fólks færir æ meira inn á stafræna sviðið. Fyrir skömmu mættu til dæmis milljónir leikmanna í Fortnite á tónleika með rapparanum Travis Scott sem fóru fram inni í leiknum sjálfum. Þetta voru ekki fyrstu tónleikarnir innan Fortnite og til stendur að halda fleiri. Vel má hugsa sér að fleiri listamenn eigi eftir að bjóða upp á viðburði inni í tölvuleikjum, sérstaklega í leikjum sem bjóða upp á stafræna veröld sem margir leikmenn deila. Það er heldur ekki ólíklegt að við sjáum tiskumerki setja upp tiskusýningar innan Animal Crossing eða að þau hanni jafnvel fót sérstaklega fyrir leikinn.

Laugardaginn 23. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið

FERÐAST UM ÍSLAND

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um ferðalög innanlands í sumar á þessum óvenjulegu tímum þar sem að landinn mun efalaust ferðast talsvert um landið okkar fagra.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jóhann Waage sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is



SUMARGLEÐI 20%-60% afsláttur



Betty Barclay

GÆDAFATNAÐUR

 GERRY WEBER



SUMARYFIRHAFNIR VELKOMIN Í SKIPHOLTID
NÚ LÍKA NETVERSLUN **.LAXDAL.IS**



TRAUST Í 80 ÁR

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Það er notalegt að dekra við hendurnar heima fyrir. MYND/GETTY

Heilbrigðar neglur

Á tímum sem þessum er tilvalið að dekra við neglurnar heima. Hér eru þrjú góð ráð sem vert er að hafa í huga.

- 1) Gefðu nöglunum frið frá akrýl og geli. Það er mikilvægt að leyfa nöglunum að jafna sig á milli meðferða, ekki síst vegna efnanna sem notuð eru til að fjarlægja efni. Þá er freistandi að plokka þegar lakkið losnar sem getur hreinlega skemmt jafnvel heilbrigðustu neglur.
- 2) Notaðu oliur og krem. Það munar heilmiklu að gæta þess að neglurnar eða svæðið í kring sé ekki þurrt. Þetta er ekki síður áriðandi nú þegar handþvottur og notkun á sótthreinsivörum er orðinn stór og órjúfanlegur hluti af daglegu lífi.
- 3) Notaðu og vertu með naglapijl meðferðis. Ef neglurnar eru ekki í góðu ástandi þá er mikilvægt að halda þeim hæfilega stuttum. Einnig er gott að geta brugðist við strax ef það brotnar af nögl og þússa nöglina niður eins fljótt og hægt er.




Það er bæði elegant og smart að skarta ökklabandi úr glóandi gulli.

Tekið á löpp

Eitt af því heitasta sem hægt er að skreyta sig með í sumar eru ökklabönd af öllu tagi en ekki síst sem elegant skartgripur úr gulli, silfri, með eðalsteinum eða perlum. Fagurt og glitrandi ökklaband setur punktinn yfir i-ið á fallegum fæti, við kjóla, pils, stuttbuxur jafnt og síðbuxur, já, hvar sem skín í sólgullid hörund. Ökklabönd voru síðast í tisku á niunda og tíunda áratug síðustu aldar en nú er sem sagt aftur hæstmóðins að skreyta fótleggina svo eftir sé tekið. Sumum henta látlaus og finleg ökklabönd en aðrir eru djarfari og glysgjarnari og nú segja tiskuvitar að það megi sannarlega skarta ökklaböndum sem líta út eins og dýrgripir og njóta sumar-trendsins til fulls.

Tískumerkin hanna andlitsverjur

Löngu áður en meirihluti fólks fór að ganga með andlitsverjur vegna COVID-19 mætti söngkonan Billie Eilish með Gucci-masku fyrir nefi og munn á Grammy-verðlaunaafhendinguna í janúar. Fáir hefðu trúað því þá að andlitsverjan yrði nauðsynlegur hluti þess sem fólk klæðist stuttu síðar. Landslagið hefur gjörbreyst á nokkrum mánuðum og nú hafa frægustu tiskuhönnuðir ekki undan að sauma andlitsgrímurnar, jafnt fyrir heilbrigðisstarfsfólk sem almenning.



Billie Eilish grunaði varla í janúar að flest fólk í heiminum væri komið með andlitsverju svo stuttu síðar.

Þótt varla verði sagt að andlitsverjan sé tiskuvara þá kappkosta margir að setja alls kyns tiskuútlit á þær. Þannig sagðist þekkt bandarísk áhrifakona á netinu hafa fengið Prada-andlitsverju með skónum sem hún pantaði frá fyrirtækinu. Sömuleiðis eru Armani og Fendi að framleiða grímur auk Saint Lauren og Balenciaga.

Saumastofa Ralph Lauren framleiddi 250 þúsund andlitsverjur en langflestar fóru til heilbrigðisstarfsmanna og voru þær gjöf frá hinum fræga tiskuhönnuði.

Einnig hefur stórverslanakeðjan GAP boðað að þar sé verið að sauma grímur og sömuleiðis Zara, Mango og H&M. Þá hefur lúxusmerkið Canada Goose boðað stóra sendingu af andlitsmökum til heilbrigðisstarfsfólks í Kanada.

Fleiri eru að sauma grímur eins og Warner Bros sem er að útbúa Hello Kitty og fleiri andlitsverjur fyrir börn með þekktum figúrum úr teiknimyndum.


Ekki má gleyma að Louis Vuitton er að þróa handsóttthreinsi vegna Covid-19 veirunnar.

VERTU LJÓSAVINUR

Hjálpaðu okkur að bæta aðgengi krabbameinsgreindra að faglegri endurhæfingu.

Við leitum að fleiri mánaðarlegum Ljósavinum til að styðja okkur í stafrænni vegferð.

www.ljosid.is/ljosavinur



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýr 2020 Renault Zoe 52 Kwh. VINSÆLAST RAMAGNSBILL Í EVRÓPU. Drægni 395 km. Flottasta tupa = Intens + Með hraðhleðslu. 3 litir í boði á staðnum. Á GAMLGA GENGINGU: kr. 4.190.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Garðyrkja

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Rúnar múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:780-2838

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrur, flísa- & parketlagningar og trésmíði. S. 616 1569



Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Sláttur-trjáklippingar og grysjun. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjumaður. Uppl. s: 698 1215

Múrari

Rúnar múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:780-2838

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opð mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Húsnæði óskast

Kona óskar eftir íbúð til leigu. Uppl. í s: 620-4464

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Óska eftir manni í húsviðgerðir, múr og málun. Einhver reynsla æskileg. Uppl: 618 5286 Þórður.



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.



Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000

info@handafl.is | handafl.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaðjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

WORK NORTH

worknorth.is

HÚSARIF • JARÐVEGSRINNNA STEYPUSÖGUN • KJARNABORUN • MÚRBROT

Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is



Alhliða verktakar

Smiðir, píparar, málara, múrari og rafvirkjar.

om@mpverk.is sími:782-0100

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggiagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

VP Múrari ehf

Flísalögn, múrviðgerðir og alhliða málningavinna innan og utanhús. Parketlagn og fleira.

Leitaðu verðtilboða þér að kostnaðarlausu

Sími 766-3597 - vpmurari@gmail.com

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARFET ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

SÓLVALLAGATA 63
101 Reykjavík



OPÍÐ HÚS
Fimmtudaginn 14. maí
kl. 18:30 - 19:00

233,4 fm einbýlishús á 3 hæðum og bílskúr við Sólvallagötu 63

- Fimm svefnherbergi
- Þrjú baðherbergi
- Yfirbyggðar svalir
- Aukaíbúð
- Vinsæl staðsetning í miðbænum

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson, lögg. fasteignasali
jko@miklaborg.is sími: 775 1515

Verð: **129 millj.**

MIKLABORG 569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Hrólfsskálamelur 3
170 Seltjarnarnes



Falleg og vel skipulögð 134 fm 4ra herbergja íbúð á jarðhæð

- Nýlegt lyftuhús með
- Stæði í lokaðri bílageymslu
- Eignin skiptist í 118,8 fm íbúðarrými
- 15,2 fm geymsla

Nánari upplýsingar:
Gunnar S. Jónsson, lögg. fasteignasali
gunnar@miklaborg.is sími: 899 5856

Verð: **77,9 millj.**


MIKLABORG 569 7000 · Lágmúla 4 · miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



*Frettablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentasmaling Gallup, jan.-jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.



Sérfræðingar í ráðningum

FAST ráðningar er öflug ráðninga- og ráðgjafarþjónusta sem leggur metnað í að vinna faglega og veita persónulega og góða þjónustu. Vönduð úrvinnsla upplýsinga og góð samskipti við umsækjendur eru lykilatriði. Okkar metnaður er reynsla og menntun, öflugur gagnagrunnur og gott tengslanet.

Við bjóðum uppá:

- Áralanga reynslu
- Öflugan gagnagrunn
- Mjög gott tengslanet
- Dolinmæði og þrautseigju
- Auga fyrir hæfileikum




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

SUMARIÐ ER KOMIÐ

Frábært úrval af GREGORY bakpokum



Gregory Baltoro 65
Göngubakpoki
verð 55.995,-

Skoðaðu úrvalið á
everest.is



Gregory Deva 60
Göngubakpoki
verð 55.995,-



Gregory Stout 45
Göngubakpoki
verð 29.995,-



Gregory Amber 44
Göngubakpoki
verð 31.995,-



Gregory Zulu 35
Göngubakpoki
verð 31.995,-



Gregory Jade 33
Göngubakpoki
verð 31.995,-



Gregory Alpinisto 35
Klifurbakpoki
verð 32.995,-



Gregory Targhee 32
Skíðabakpoki
verð 34.995,-



Gregory Tetrad 60
Ferðabakpoki
verð 39.995,-



Gregory Tribute 55
Ferðabakpoki
verð 39.995,-



Gregory Endo 15
Hjólabakpoki
verð 26.995,-



Gregory Drift 10
Hjólabakpoki
verð 22.995,-



Gregory Alpaca Taska
60L verð 20.995,-
90L verð 24.995,-



Gregory Nano Waistpack
Mittistaska
verð 6.995,-



MAMMUT
SWISS 1862



HILLEBERG
THE TENTMAKER



RUDY
PROJECT



Skeifunni 6 · www.everest.is

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1769 Karl 3. Spánarkonungur sendir trúboða til Kaliforníu og er það upphaf landnáms hvíttra manna þar.

1796 Edward Jenner bólusetur átta ára dreng, James Phipps, við kúabólu, það er fyrsta bólusetningin.

1919 Átta klukkustunda vinnudagur var lögfestur í Danmörku.

1948 David Ben-Gurion, forsætisráðherra lýsti yfir stofnun Ísraelsríkis.

1955 Varsjárbandalagið er stofnað í Varsjá í Póllandi. Tilgangur þess er að vera mótvægi við Atlantshafsbandalagið (NATO).



1965 Fyrsta Fokker Friendship-flugvél Flugfélags Íslands kemur til landsins,

2004 Friðrik krónprins Dana og Mary Elizabeth Donaldson frá Ástralíu eru gefin saman í hjónaband.

Sólargangurinn styttri matartímamann í ramadan

Slétt ár er síðan 44 sýrlenskir flóttamenn settust að í Húnaþingi. Þá eins og nú stóð yfir föstumánuður múslima, ramadan. Fólkinu hefur vegnað vel þrátt fyrir ógnir eins og ofviðri og veiru. Liljana Milankoska hjúkrunarfræðingur fylgist með liðan þess.

Sýrlendingarnir hafa lent í sömu erfiðleikum og Íslendingar undanfarnar vikur og upplifað einangrun, vinnu- og tekjutap, segir Liljana Milankoska, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri Húnaþings vestra í málefnum flóttamanna. Þar settust 23 Sýrlendingar að um miðjan maí 2019 og 21 á Blönduósi.

Liljana segir mikla samvinnu hafa verið milli sveitarfélaganna undanfarið. „Við gerðum sameiginlegan Facebook-hóp fyrir sýrlensku fjölskyldurnar og þar hefur túlkur sett inn upplýsingar á arabísku daglega vegna COVID-19,“ nefnir hún sem dæmi. „Til að kynna íbúum hér, utan hópsins og stuðningsfjölskyldnanna, hvöttum við flóttafólk í upphafi til að sækja íþróttæfingar, jóga og sund og umgangast almenning en síðustu mánuði hefur það auðvitað ekki virkað vegna samkomubannsins,“ bendir Liljana á.

Eðlilegt að sakna

Nú eru sýrlensku fjölskyldurnar að upplifa ramadan í fyrsta sinn á Íslandi, frá byrjun til enda, en Liljana segir börnin enn of ung til að fasta. „Hefðin er sú að borða milli klukkan 22.30 til 03.40 en tíminn styttist miðað við sólsetur og sólarupprás á Íslandi og reynsla fólksins af ramadan hér er önnur en í gamla heimalandinu,“ segir hún.

„Í arabísku löndunum hægist á samfélaginu á þessu tímabili, fólk þarf meiri svefn yfir daginn, orkan er lítil og skilningur samfélagsins á því er almennur, til dæmis hjá vinnuveitendum. Það er því eðlilegt að fólk finni fyrir heimþrá meðan á þessari stóru hátíð stendur og sakni venja tengdra henni, eins og að skiptast á matarréttum við nágrannana og hafa meiri fjölbreytileika í máltíðum og næringu en ella.“

Vel þekkt er að liðan fólks sem flýr heimaland sitt og flyst í allt aðra menningu og umhverfi er oft nokkuð góð í byrjun, að sögn Liljönu. Fólk leggir sig allt fram um að aðlagast samfélaginu og foreldrar kappkosti að styðja börnin í að venjast nýju umhverfi svo þeim vegni sem best bæði í skóla og utan. „En nokkrum mánuðum síðar kemur oft bakslag og dýfa,“ segir hún. Þá getur fólk haft þörf fyrir að vinna úr áföllum og ýmsum vandamálum.

Hún tekur fram að í Húnaþingi hafi flóttamönnum staðið til boða aðstoð bæði frá íslenskum sálfræðingum sem hafi oft unnið við móttöku flóttamanna á Íslandi og einnig frá arabískumælandi sálfræðingum frá Palestínu. „Það ætti að auðvelda fólki að opna sig ef það getur rætt á sínu móðurmáli við sálfræðing



„Við gerðum sameiginlegan Facebook-hóp fyrir sýrlensku fjölskyldurnar og þar hefur túlkur sett inn upplýsingar á arabísku daglega vegna COVID-19,“ segir Liljana.

sem kemur úr sama menningarheimi og umhverfi og það sjálf.“

Upplifir sig heima

Liljana kveðst stolt af hópnum sem kom frá Sýrlandi á Hvammstanga og hvernig honum hafi gengið að takast á við erfiðleika, til dæmis ofviðri vetrarins og veiruna illræmdu. „Fólkið er duglegt og samvinnufúst og leggur sig fram um að aðlagast. Það er ánægð með að búa á Hvammstanga og upplifir sig heima hér, svo almennt gengur mjög vel með verkefnið.“

En mér finnst líka mikilvægt að fólkið finni sig ekki skuldbundið til að vera á Hvammstanga eftir að verkefninu lýkur, ef það langar annað. Ég hef oft sagt við það að um leið og fjölskyldurnar eru

Lítið eitt um Liljönu

Liljana er hjúkrunarfræðingur og lokaritgerð hennar fjallaði um sálræna velferð sýrlenskra flóttabarna á Íslandi. Hún stundar nú meistaranám í heilbrigðisvísindum við HA og leggur áherslu á sálræna liðan, áföll og ofbeldi. Sjálf hefur hún frætt nema í heilbrigðisvísindum við HA um móttöku flóttamanna á Íslandi.

nógu sterkar til að geta gert það sem þær vilja, flytja, fara í nám eða aðra vinnu annars staðar og prófa eitthvað nýtt á Íslandi, þá höfum við náð markmiðum okkar.“ gun@frettabladid.is



Elskuleg systir okkar og mágkona,

Gréta Halldórsdóttir

fv. bankaritari,
Orrahólum 7,

lést á Vífilsstöðum
sunnudaginn 10. maí sl.
Jarðarförin auglýst síðar.

Björn Halldórsson
Sigrún Halldórsdóttir
Guðmundur Halldórsson
Hrafnhildur Halldórsdóttir

Auður Gílsdóttir
Hafþór Edmond Byrd
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir
John DeMarco
og systkinabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Lilja Helga Gunnarsdóttir

lést þann 9. maí síðastliðinn.
Útför verður auglýst síðar.

Magnús Ingimundarson
Gunnar Ingimundarson
Bolli Þór Bollason

Ingimundur Magnússon
Brynhildur Ingvarsdóttir
Hrund Sch. Thorsteinsson
Hrefna Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Auður Linda Zebitz

Brúnavegi 9,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu,
Mánateigi, miðvikudaginn 6. maí.

Starfsfólki Mánateigs eru færðar alúðarpakkir fyrir einstaklega góða aðhlyningu. Í ljósi aðstæðna verður eingöngu nánasta fjölskylda viðstödd útförina sem fer fram 18. maí.

Ólafur Kristinsson

Ásta Ólafsdóttir
Kristinn Guðni Ólafsson
Guðrún Ólafsdóttir
Ingunn Ingimarsdóttir
Erlingur Bótólfsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkygningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

ÞETTA GERÐIST: 14. MAÍ 2003

Ólafur Ragnar og Dorrit gengu í það heilaga

Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi forseti Íslands, og Dorrit Moussaieff gengu í hjónaband þennan mánaðardag árið 2003. Þau voru gefin saman af sýslumanninum í Hafnarfirði, Guðmundi Sophussyni, eftir mikla afmælishátið sem haldin var í Borgarleikhúsinu í tilefni af sextugsafmæli forsetans.

Brúðkaupsathöfnin var látlaus og fór fram í Bessastaðastofu að fjölskyldu forsetans viðstaddri. Það var



í fyrsta skipti í sögunni sem forseta-brúðkaup fór fram á Bessastöðum.

Dorrit vakti strax athygli og vann fljótlega hug og hjörту íslensku þjóðarinnar. Hún var áberandi í forsetakosningunum árið 2012, til marks um það var vefslóðin á heimasíðu framboðs Ólafs Ragnars þá olafurog-dorrit.is. Hún tók líka virkan þátt í embættisstörfum Ólafs Ragnars alveg þangað til hann lét af embætti, árið 2016.

GAR! LOKADAGAR! LOKADA

ÚTSALA!

Allt að

60%

Afsláttur

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík



6 | 2
°C | ↓

Egilsstaðir



6 | 2
°C | ↓

Ísafjörður



2 | 3
°C | ←

Kirkjubæjarkl



10 | 7
°C | ↓

Akureyri



6 | 4
°C | ↓

Hveravellir



2 | 2
°C | ↑

Vestan 5-13 m/s og víða dálitil væta með hita 5 til 10 stig. Þurrst suðaustanlands og heldur hlýrra. Hægari vindur og úrkomulítið norðan til landinu, en súld eða rigning í öðrum landslutum.

Föstudagur

Reykjavík



9 | 5
°C | ↓

Egilsstaðir



4 | 9
°C | ↓

Ísafjörður



1 | 6
°C | ↓

Kirkjubæjarkl



9 | 3
°C | ↓

Akureyri



3 | 7
°C | ↓

Hveravellir



-1 | 8
°C | ↓

Laugardagur

Reykjavík




6 | 4
°C | ↓

Egilsstaðir



0 | 4
°C | ↓

Ísafjörður




1 | 3
°C | ↓

Kirkjubæjarkl



8 | 1
°C | ↓

Akureyri



0 | 3
°C | ↓

Hveravellir



-1 | 8
°C | ↓

LÉTT

			4			6	9
9			2	6		5	
2		7		9			1
					8		3
	9			7	4		8
	4	3				7	
4		9	5				
	5			8	2		
	2		7				

MIDLUNGS

1				3	4		2	6	8
					6	9			
	5				1		7		
						4	8	2	
8	1	4					3		
				5	6				
4				7			5	1	
	3								2
6		9							

PUNG

	6						7		
	5		7			6		8	2
4									
9	7		4					3	
5	4	6						9	
					9		1		
1		4				8			
	3		9						7
	8								5

Krossgáta

LÁRÉTT

- hvetja
- gapa
- hljóta
- messings
- nóta
- stormur
- sannur
- óhreinka
- vanrækja
- ávallt

LÓDRÉTT

- líklega
- ókjör
- varkarni
- gagn
- eðlilegt
- afstyrmi
- göfugur
- gruna
- stöðugt

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1. eglja, 5. flá, 6. fá, 8. láttun, 10. as, 11. askapó, 9. urkast, 12. eðal, 14. óra, 16. sl. LÓDRÉTT: 1. eflaust, 2. glás, 3. gát, 4. arnot, 7. rok, 12. ektá, 13. sóða, 15. trassa, 17. alitö.

Skák Gunnar Björnsson

Levon Aronian (2.778), Evrópuúrvalinu, fann einstigi til að halda jafntefli gegn Wei Yi (2.752), Kína, í Þjóðakeppni FIDE á Chess.com.

59. Hxh4+! Hxh4 60. Hh7+ Kg5 61. Hxh4 Hxa7! 1/2-1/2. Svartur tapar eftir 61...Kxh4 62. b6. Á morgun hefst minningarmót um Steinitz á Chess24-skákþjónum. Á laugardaginn hefst keppni í a-flokki (0-1.400 skákstí) á EM í netskák. Skráningarfrstur rennur út kl. 15 í dag. www.skak.is: Brim-mótaröðin í júní.



Hvítur á leik

7	9	6	3	5	2	1	4	8
8	3	5	4	9	1	2	7	6
1	2	4	6	7	8	3	9	5
2	4	9	8	3	6	5	1	7
3	5	8	1	2	7	4	6	9
6	7	1	5	4	9	8	2	3
9	1	3	7	8	4	6	5	2
4	8	2	9	6	5	7	3	1
5	6	7	2	1	3	9	8	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



Nýtt frá Weber

Weber Pulse 2000 rafmagnsgrill

- Innbyggð iGrill tækni
- Weber iGrill app
- Stafrænn hitamælir
- Hrein orka

Fullkomið á svalirnar

weber.is

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI

DV

Kynningartilboð

LESTU DV FRÍTT Í MAÍ!



Skráðu þig á dv.is og lestu DV frítt í maí án skuldbindinga*

Hægt er að velja um tvær leiðir:

1. Prent og vefútgáfa

Frí áskrift út maí að prentútgáfu með vefaðgangi að blaðinu rafrænt. Verð fyrir mánaðaráskrift er 2.990 kr. að reynslutíma loknum. Engin binding.

2. Vefútgáfa

Frí vefáskrift út maí. Verð fyrir áskrift 1.590 kr. að reynslutíma loknum. Engin binding.

*Gildir aðeins fyrir þá sem eru ekki þegar með áskrift að DV. Kynningartilboðið er frítt í maí en gildir til 31.05.2020 fyrir nýja áskrifendur. Ef kynningartilboði er ekki sagt upp fyrir 31.05.2020 tekur við áskrift sem endurnýjast í mánuð í senn. Uppsögn á áskrift skal senda á askrift@dv.is fyrir 20. hvers mánaðar.



Highlander er lengri en Land Cruiser þótt hann sé í næsta stærðarflokki fyrir neðan, og vonandi verðflokkki líka.

Toyota Highlander á markað 2021

Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Toyota Highlander er væntanlegur í sinni fjórðu kynslóð á næsta ári og mun að þessu sinni einnig verða boðinn í Evrópu og þar með talið á Íslandi.

Síðan Highlander var kynntur árið 2000 hefur hann aðeins verið í boði í Norður-Ameríku, Japan og Ástralíu. Fjórða kynslóð hans verður kynnt á næsta ári og verður kynnt fyrir Evrópumarkaði, og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þá einnig á Íslandi á næsta ári.

Fjórða kynslóð Toyota Highlander verður byggður á GA-K undirvagninum sem er einnig undir Camry og RAV4 en það er einmitt þess vegna sem hægt verður að bjóða hann í Evrópu. Billinn er mitt á milli RAV4 og Land Cruiser í stærð og mun keppa við bíla eins og Skoda Kodiak og Peugeot 5008. Highlander er í raun og veru lengri en Land Cruiser eða 4.950 mm og með alvöru farangursrymi sem rúmar 658 lítra af farangri. Hann er sjö sæta



Sjö manna bíll með stóru farangursrymi sem stækkanlegt er í 1.909 lítra.

» **Toyota Highlander verður með sömu 2,5 lítra vél og RAV4 og með rafmótor fyrir bæði fram- og afturdrif. Samtals skilar það 241 hestafli.**

og hægt er að stækka farangursrymið í 1.909 lítra svo sjá má að um hentugan fjölskyldujeppa er að ræða sem gæti gert góða hluti hérlandis. Hann verður með 2,5 lítra, fjögurra strokka bensínvél eins og RAV4 og verður með rafmótor fyrir bæði fram- og afturdrif í stað afturðrifs eingöngu. Samtals mun hann skila 241 hestafli í þeirri útgáfu. Vænta má þess að billinn verði kynntur á Íslandi seint á næsta ári en ekkert hefur verið gefið upp um verð enn þá.

Verge-rafmótorhjólið frá Finnlandi

Vekur athygli fyrir framúrstefnulega hönnun, mikið afl og tæknilegar útfærslur.

Finnska fyrirtækið Verge hefur sent frá sér myndir af nýjust afurð sinni sem kallast einfaldlega TS. Hjólið hefur vakið athygli fyrir róttæka hönnun og útfærslu auk þess að vera aflmikið, en rafmótorinn skilar 107 hestöflum og hvorki meira né minna en 1000 newtonmetra togi.

Eitt af því sem vekur athygli við hjólið er hvernig rafmótornum er komið fyrir. Hann er hluti af afturfelgunni og er hún án miðju, en rafmótorinn rennur einfaldlega eftir afturhluta afturgaffalsins, sem þýðir að engin þörf er fyrir keðju eða reimdrif. Þrátt fyrir aflið er upptakið tæpar fjórar sekúndur í hundraði enda myndi ökumaður varla hanga á hjólinu ef aflið skilaði sér óbeislað í afturhjól. Hámarks hraðinn er 180 km á klst. en drægið er allt að 300 km sem er ansi gott. Með heimahleðslu er hleðslutíminn fjórar klukkustundir en um 50 mínútur á hraðhleðslustöð. Það sem helst hefur háð rafmótorhjólum er mikil



Verge-rafhjól er með afturhjul án miðju og er mótorinn hluti af felgunni.

» **Verge-rafmótorhjól kostar tæpar fjórar milljónir króna í Evrópu.**

þyngd en hjólið er með álgrind til að minnka vigt, sem er minni en menn gætu haldið, að sögn hönnuð hjólsins. Hjólið kostar rétt tæpar fjórar milljónir króna í Evrópu sem gerir það ódýrara en Harley-Davidson LiveWire.

FREYJU
STERKUR
DRAUMUR - 50 G

299

KR/STK
5980 KR/KG



FANTA &
FANTA EXOTIC
500 ML

169

KR/STK
338 KR/L



HARIBO
120 G - 2 TEG

249

KR/STK
2075 KR/KG



COMBO

PRETZEL CRISPS
85 G - 2 TEG & VOGA
IDÝFA-KRYDD 175 G

599

KR/STK



NÓA
TROMP
45 G - 2 TEG

169

KR/STK
3756 KR/KG



KIT KAT
4 FINGRA
41,5 G

99

KR/STK
2386 KR/KG



COLLAB
ÁSTARALDIN &
LÍMÓNU 330 ML

249

KR/STK
756 KR/L



NOCCO
330 ML

329

KR/STK
997 KR/L



Kvikk
ON THE GO

ORKAN

BYRJADU DAGINN MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!



• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.

• Opnar blað dagsins.

• Lest þegar þér hentar!

Sæktu Fréttablaðsappið frítt!

Download on the
App Store

GET IT ON
Google Play

Fannst ég verða að koma sögunni áfram

Rannveig Sigurgeirsdóttir las skáldsöguna Litla land á frönsku og áhrifin voru slík að hún þýddi sína fyrstu bók. Hún er þakklát fyrir sterk og góð viðbrögð og langar svo sannarlega til að þýða fleiri verk.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Skáldsagan Litla land eftir Gaël Faye er fyrsta bókinn sem Rannveig Sigurgeirsdóttir þýðir, en bókinn kom út hjá Angústúru fyrir skömmu.

Rannveig vinnur hjá Heklu í bókhaldi og fleiru. Hún segir að sig hafi allt frá unglingsárum langað til að þýða bók. „Stundum byrjaði ég á einhverju en strandaði alltaf og hætti við,“ segir hún. „Svo sá ég á franskri sjónvarpsstöð viðtal við Gaël Faye þar sem hann ræddi um bókina. Ég hugsaði með mér að bókinn hlyti að vera áhugaverð og pantaði hana að utan. Ég las hana og heilladist svo gjörsamlega að þegar ég hafði lokið við að lesa síðustu blaðsíðuna stóð ég upp, kveikti á tölvunni og byrjaði að þýða. Þessi bók, sem er afar fallega skrifuð, hafði gríðarsterk áhrif á mig. Mér fannst ég verða að koma þessari sögu áfram.“

Marglofuð bók

Litla land er fyrsta skáldsaga tónlistarmannsins Gaël Faye og endurspeglar uppvöxt hans í Búrúndí. Hún kom út í Frakklandi árið 2016, hefur



Ég hefði aldrei þorað að láta mig dreyma um viðlíka viðbrögð, segir Rannveig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Bók sem hefur hlotið mikið lof.

ÉG LAS HANA OG HEILLADIST SVO GJÖRSAMLEGA AÐ ÞEGAR ÉG HAFÐI LOKIÐ VIÐ AÐ LESA SÍÐUSTU BLAÐSÍÐUNA STÓÐ ÉG UPP, KVEIKTI Á TÖLVUNNI OG BYRJAÐI AÐ ÞÝÐA.



www.102hlidarendi.is

Eitt vandaðasta hús höfuðborgarsvæðisins

Opið hús að Valshlíð 16, Arnarhlíð 2 og Smyrilshlíð 13-15
Hlíðarenda, fimmtudaginn 14.maí frá kl 17:00-18:00.
Aðkoma hjá Valsheimilínu.

**Einstakar íbúðir með þakgörðum bílskúr og stórum geymslum.
140-240m² þriggja og fjögurra herbergja íbúðir
Verð frá 89.900.000 - 119.900.000 kr.**

Bílskúr fylgir öllum íbúðum, Aukin lofthæð, 280 cm, gólfsíðir gluggar.
Rafmagnstæki frá frá Miele. Quartzborðplötur í eldhúsi og á baði.
Einstakur garður. Free@home rafkerfi. Þrjár gerðir innréttinga.

Nánari upplýsingar:



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is

**OPIÐ
HÚS**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6. Sími: 510 7900.
www.fastlind.is · www.nyjaribudir.is

hlotið viðurkenningar og verðlaun og verið þýdd á 30 tungumál.

Rannveig þýddi bókina úr frönsku. „Frönsk tunga hefur heillað mig frá því ég man eftir mér. Ég var ákveðin í því að læra frönsku almennilega, þannig að strax eftir stúdentspróf fór ég í útlendingadeild háskólans í Lausanne í Sviss, var þar í þrjú ár og tók kennsluréttindi í frönsku. Ég vann seinna í Norður-Frakklandi í tvö ár. Fransk- an er stór hluti af mér,“ segir hún.

Skemmtileg þraut

Rannveig leitaði til bókaforlagsins Angústúru með þýðingu sína. „Ég kynntist því bókaforlagi þegar kínverski rithöfundurinn Xialou Guo kom hingað til lands og hélt fyrirlestur í Veröld vegna útkomu bókarinnar sinnar Einu sinni var í austri, sem Angústúra gaf út. Ég fór að skoða heimasíðu Angústúru, en

þar eru tvær konur við stjórn og sá hvernig bækur þær gefa út. Þær eru að opna glugga út í heim og vilja gefa út bækur frá öllum heimshornum. Mér fannst þessi bók passa algjörlega þar inn í. Þær tóku sér tíma í að spá og spekulera og skoða umsnagnir um bókina. Síðan gerðu þær samning við mig.“

Rannveig segist hafa fengið sterk viðbrögð við bókinni og þýðingu sinni. „Ég hefði aldrei þorað að láta mig dreyma um viðlíka viðbrögð.“

Spurð hvort góðar viðtökur hafi orðið til þess að hana langi til að þýða meira segir hún: „Algjörlega. Mér finnst mjög gaman að þýða. Það er skemmtileg þraut að finna réttu orðin á íslensku og skila anda sögunnar. Ég er mjög þakklát fyrir að íslenskir lesendur virðast finna fyrir svipudum hugrifum þegar þeir lesa þýðinguna og ég fann fyrir þegar ég las bókina á frönsku.“

Gátan um morðið á Olof Palme

Norræna félagið í Reykjavík býður til umræðufundar í dag, 14. maí, klukkan 17-18.30 í tilefni þess að fréttir hafa borist af því að gátan um morðið á Olof Palme muni hugsanlega leysast á komandi mánuðum. Tilefnið er einnig útkoma bókarinnar Arfur Stiegs Larsson í íslensku þýðingu þar sem reifuð er ákveðin kenning um lausn morðmálsins.

Vera Illugadóttir útvarpskona mun flytja erindi um Palme-morðið og morðrannsóknina. Páll Valsson, annar þýðandi bókarinnar Arfur Stiegs Larsson, mun ræða þá kenningu sem sett er fram í bókinni. Hákan Juholt, sendiherra Svía á Íslandi, mun ræða kynni sín af Olof Palme og áhrif hans á sænskt þjóðlíf.

Í kjölfar fylgja umræður. Fundarstjóri er Sigurður Ólafsson, stjórnarmaður í Norræna félaginu í Reykjavík.



Olof Palme, forsætisráðherra Svía.

Fundurinn fer fram í Norræna húsinu og verður einnig sendur út í beinu streymi á vef Norræna hússins og Facebook-síðu Norræna félagsins í Reykjavík. Gestafjöldi verður takmarkaður við 15 manns.



bauhaus.is

BAUHAUS®**399.995.-****Sláttutraktorar**

- Model MTD 96.
- Svæði allt að 4.000 m².
- Fjöldi sláttuhnífa 2.
- Tegund mótors MTD með rafræsingu.
- Sláttubreidd: 96 cm.
- Sláttuhæð 30-95 mm. 5 stillingar.

**549.995.-****Sláttutraktorar**


- Model MTD RN 145.
- Svæði allt að 3.000 m².
- Fjöldi sláttuhnífa 2.
- Tegund mótors B&S með rafræsingu.
- Sláttubreidd 105 cm.
- Sláttuhæð 38-95 mm. 5 stillingar.
- 240 lítra safnskúffa.

**Kjarakaup****79.995.-**~~99.995.-~~**Karoline leikjahús**

20 mm ómeðhöndluð furu. Ytra mál 1,94 x 1,94 m + 70 cm pallur. Hæð 1,90 m. Þakpappi fylgir.

HÖFUM ALLT FYRIR ÚTIVERKKEFNIN!Auglýst verð gildir til og með mánudeginum **8. júní**.**49.995.-****Mariam garðróla**

Úr lökkuðu stáli með gráum sessum. Stærð: L:233 x B:135 x H:188 cm.

**Kjarakaup****2.995.-**~~3.995.-~~**Demidekk Terrasfix 4 l**Pallahreinsir til að hreinsa óhreinindi á tréverki utanhúss þar sem fjarlægja þarf óhreinindi, gamlar olíur eða gráma. Tréverkið verður eins og nýtt. Þekur 8-10 m² á l.**1.495.-****KIRKEDAL****Pallaefni komposit massiv**

Kirkedal Solid pallaefni í komposit efni. Fæst í svörtu, gráu, eik og harðviði. 18/20 x 130/200 x 4000/6000 mm. Pr. m. VERÐ FRÁ.

**4.495.-****Pallaolía, 5 l**

Smýgur djúpt inn í viðinn og hrindir vel frá sér vatni. Notið litaða olíu til að ná fram fullnægjandi UV-vörn. Fæst í ýmsum glærum litatönum.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



Fimmtudagur

EUROVISION
GLEÐI

OKKAR 12 STIG

Í kvöld. Kl. 19.40

Eurovision-veisla fyrir alla fjölskylduna í umsjón Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur og Jóns Jónssonar.

Við búum til okkar eigin Eurovision-söngvakeppni með 15 bestu lögumum í ár. Þjóðin velur lagið sem hefði fengið 12 stig frá Íslandi í símakosningu. Allur ágóði símakosningar rennur í varasjóðinn sem styrkir þá sem mest mæðir á í baráttunni við COVID-19.

Forsetahjónin, Daði Freyr og Gagnamagnið, Klemens í Hatara, Sveppi, Ólafía Hrönn, ríkisstjórnin, fyrrverandi stigakynnur og fjölmargir fleiri taka þátt í gleðinni.

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Erni Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.

20.30 Suðurnesja-magasín Vikurfrétt Mannlíf, atvinnulíf og íþróttir á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Vikurfréttir ehf.

21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Hugleiðsla með Auði Bjarna Leiðsögn um öndun, slökun og næringu andans.

21.45 Bókin sem breytti mér Fjallað er um uppáhaldsbækur kunnra bókaorma landsins.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Enn ein stöðin
09.35 Í garðinum með Gurrý
10.05 Úr Gullkistu RÚV: Inndjúpið
10.35 Grænensk hífli
11.05 Kastljós
11.20 Menningin
11.30 Gettu betur 2001 MR - MA
12.20 Tiundi áratugurinn
13.05 Íslensku Eurovisionlögin 1986-2020 Syrpa með íslensku Eurovisionlögunum 1986 - 2020.
14.45 Eurovision í Zagreb 1990
17.35 Ahmed og Team Physix
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Nýi skólinn
18.15 Fjölskyldukagginn
18.35 Maturinn mín
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Eurovision-gleði - Okkar 12 stig Vegleg Eurovision-veisla þar sem þjóðinni gefst kostur á að kjósa og komast að því hvaða lag hefði fengið 12 stig frá Íslandi. Eurovision-kvöld fyrir alla fjölskylduna þar sem tónlist, sprell og gleði verða við völd. Umsjón: Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Jón Jónsson.
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Útrás Exit
22.55 Eurovision í Zagreb 1990
01.40 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.50 Feherty Magnaður þáttur um einn besta kylfing allra tíma, Íslandsvininn Greg Norman.
08.35 Feherty David Feherty heimsækir spænska kylfinginn Sergio Garcia.
09.15 Feherty David Feherty heimsækir Michelle Wie.
10.00 Feherty David Feherty heimsækir Ken Venturi.
10.45 Feherty David Feherty heimsækir leikarann Samuel L. Jackson.
11.25 Feherty David Feherty heimsækir Bubba Watson.
12.10 Feherty David Feherty heimsækir Rory McIlroy.
12.35 Feherty
13.20 Feherty
14.00 Feherty
14.45 Feherty
15.10 Feherty
15.50 European Tour 2019
16.05 The 9
20.35 European Tour 2020

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 Black-ish
13.25 Kokkaflakk
14.00 Lífum lengur
14.30 Mannlíf
15.00 Það er kominn matur
16.10 Malcolm in the Middle
16.30 Everybody Loves Raymond
16.55 The King of Queens
17.15 How I Met Your Mother
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Love Island
20.10 Áskorun
20.50 9-1-1
21.40 The Resident
22.25 Agents of S.H.I.E.L.D.
23.10 The Late Late Show
23.55 FBI
00.40 Proven Innocent
01.25 Law and Order. Special Victims Unit
02.10 Ray Donovan Vandaðir þættir um harðhausinn Ray Donovan sem reynir að beygja lög og reglur sem stundum vilja brotna. Aðalhlutverkin leika Liev Schreiber og Jon Voight.
03.05 The Walking Dead
03.50 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit UngRÚV
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sinfóniukvöld. Á leið í tónleikasal
19.30 Sinfóniutónleikar
21.00 Mannlegi þátturinn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.15 Mary Shelley
13.10 Ordinary World
14.35 3 Generations
16.05 Mary Shelley
18.00 Ordinary World
19.25 3 Generations
21.00 Justice League
22.55 Moulin Rouge
01.00 Secret In Their Eyes
02.50 Justice League

STÖÐ 2

07.55 Heimsókn
08.20 Masterchef USA
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Curb Your Enthusiasm
10.40 Major Crimes
11.20 Út um viðan völl
12.00 Divorce
12.35 Nágrannar
12.55 Besti vinur mannsins
13.20 Just Married
14.50 Swan Princess. Royally Undercover
16.05 War on Plastic with Hugh and A
17.30 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.20 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Ástriður
19.35 Love in the Wild
21.05 Magnum P.I.
21.55 S.W.A.T
22.40 Real Time With Bill Maher
23.40 Gasmamman
00.30 Killing Eve
01.15 Homeland
02.00 Nashville
02.45 Nashville
03.25 Nashville

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

08.00 Barnaefni
18.40 Ástríkur og víkingarnir Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um Ástrík hinn gallvaska.
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Middle
21.05 Supergirl
21.45 Réttur
22.40 Deadwater Fell
23.30 Batwoman
00.10 Friends
00.35 Friends
00.55 The Middle

STÖÐ 2 SPORT

06.40 Sportið í dag
07.40 Inside Serie A Special Sérstakur þáttur um ítölsku 1. deildina.
08.10 Marc Bartra Viðtalsþáttur frá La Liga á Spáni. Í þessum þætti er rætt við Marc Bartra, leikmann Real Betis.
08.30 West Ham - Chelsea 01/02 Bestu leikirnir í sögu ensku bikarkeppinnar.
09.00 Sportið í kvöld
10.00 Tottenham - Middlesbrough
11.35 Tranmere - Manchester United
13.15 Lazio - Atalanta
15.00 Sportið í dag
16.00 Rúrik Gíslason
16.30 NBA. David Stern. 30 Years
17.05 FH - Víkingur R. Bikarúrslita-leikur karla 2019.
18.55 La Liga. Top Vintage Goals Sérstakur þáttur sem mörg glæsileg mörk úr sögu spænsku úrvalsdeildarinnar eru rifjuð upp.
19.25 Afrika
20.00 Sportið í kvöld Nýr og skemmtilegur íþróttafréttabáttur.
21.00 Tranmere Rovers - Southampton 00/01 Bestu leikirnir í sögu ensku bikarkeppinnar.
21.25 KR - ÍR. Leikur 5 Útsending frá oddaleik í úrslitum Dominos deildar karla árið 2019.
23.25 Dominos Kórufuboltakvöld Kristinn Geir Friðriksson og Benedikt Guðmundsson eru sérfræðingar þáttarins og ræða tímabilið í Dominos-deild karla, auk þess að velja úrvalsið sin fyrir tímabilið.



HÚSASMÍDJAN

blómaval

Nýtt

Húsasmiðjublað er komið út



Sumarveisla



10 stk.

1.490 kr

Stjúpur

10 stk.



Sendum samdægurs

á höfuðborgarsvæðinu **husa.is**



Nilfisk Allar háþrýstidælar

20% afsláttur



Broil King

83.990 kr

~~89.900 kr~~

Gasgrill Baron 320

Flott kanadískt gasgrill. Grill svæði 38 x 67cm, þrjú ryðfrír brennarar 9,3 Kw, grillgrind úr postulínshúðuðu pottjárnri. Hliðarborð, hitamælir í loki og hjól undir grilli. 3000611



990 kr

~~1.490 kr~~

Astarældur

10,5 cm pottur. 11328305



1.990 kr/stk.

Sýpris

Flott í útpottinn. 80-100 cm.



Viðarvörn og pallaolía

20% afsláttur



25% afsláttur

19.490 kr

~~25.990 kr~~

Gasgrill Omega 200

Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara, grillgrind, hliðarborð, neistakveikja, þrýstijafnari 6.2 Kw, þyngd 21,4 kg. 3000225



25% afsláttur

32.240 kr

~~42.990 kr~~

Gasgrill Solo

Frábært grill fyrir heimilið eða bústaðinn, þrjú ryðfrír brennarar, grillsvæðið er 62,8x40,6 cm. 3000393

Evrópskt gæðamerki á ótrúlegu verði

Skoðaðu úrvalið á husa.is

20% afsláttur

33.990 kr

Reiðhjól Energy 20"

Grátt og appelsínugult 10, stéllastær: 10" úr stáli fyrir 20", bremsur: TEKTROV, handbremsa: TEKTRO resin, girar: 6, þyngd: 10,9 kg m.v. 10" 3901788



AUTHOR



20% afsláttur

12.795 kr

~~15.995 kr~~

Rafmagnsslátuvél

1200W, Sláttubreidd: 32 cm, 30 ltr., safnari. 5085114



20% afsláttur

26.795 kr

~~33.495 kr~~

Rafmagnsslátuvél Comfort 34E

1200W, 34 cm sláttubreidd, 37 ltr., grassafnari, þyngd 15 kg. 5085138



20% afsláttur

38.875 kr

~~48.595 kr~~

Bensínslátuvél

139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd: 46 cm, 65 ltr. safnari. 5085301



1.790 kr

~~1.990 kr~~

Grasfræ

Turfline 1 kg. 10205074-6



1.990 kr

Graskorn 5 kg 5087660

Þirt með fyrirvara um prentvillur og myndavæki. Úrval getur verið mísjafnt milli verslana.

Annasöm Ekki-Eurovision vika hjá Daða

Gagnamagnaði tónlistarmaðurinn **Daði Freyr** hefur nóg að gera og hann ætlar sér langt með laginu Think About Things. COVID-19 kostaði hann tækifærið til að syngja það í Eurovision sem verður ekki haldin á laugardag í fyrsta skipti í 64 ár.

Prætt fyrir COVID-ófarirnar ætla tónlistarmaðurinn Daði Freyr að fleyta sér eins langt og hann kemst á Eurovision-bylgjunni sem ris merkilega hátt þótt engin eiginleg keppni verði haldin í ár.

„Ég er búinn að vera á fullu að undirbúa þessa viku,“ sagði Daði Freyr þegar Fréttablaðið náði sambandi við hann í Berlín þar sem hann býr með Árnýju Fjólu og dóttur þeirra, henni Aróru litlu.

Væri allt með felldu væri Daði Freyr vitaskuld, ásamt Gagnamagninu, í Rotterdam í Hollandi að gera klárt fyrir flutning á laginu Think About Things í seinni undankeppni Eurovision í kvöld.

„Ég var að skrifa undir hjá dreifingaraðilanum AWAL og við erum að vinna saman að því að reyna að koma Think About Things eins langt og hægt er,“ segir Daði sem hefur síður en svo setið audum höndum í samkomubanninu í Berlín.

„Við setjum mestan fókus á 16. maí, þegar Eurovision hefði átt að vera, og dagana í kring þegar ég kem með alls konar efni á netið og verð með „live“ Euro-tónleika úr stúdíóinu,“ segir fulltrúi Íslands í keppninni sem ekki varð og ætlar að leika eftirlætis Eurovision-lögin sín í beinni útsendingu RÚV frá heimili sínu annað kvöld, föstudag.

Fullt af tækifærum

„Og svo var að koma út remix af Think About Things sem ein upphalds hljómsveitin mín, Hot Chip, gerði,“ segir Daði sem hefur fengið mikla athygli og mikinn meðbyr með laginu sem var spáð góðu gengi í keppninni áður en hún var blásin af.

„Þetta er miklu meira en ég bjóst við og allt í einu var Árni, umboðsmaðurinn minn, að drukkna í skilaboðum frá risastórum plötu-fyrirtækjum,“ segir Daði um alla athyglina sem kom honum í opna skjöldu. „Við ákváðum að fara ekki þá leið eins og er og ég vil reyna að eiga mína tónlist eins mikið og ég get og geta ákveðið sjálfur hvenær og hvað ég vil gefa út.“

Aðspurður segir Daði Eurovision-athyglina hafa vissulega opnað alls konar möguleika og tækifæri. „Ég hef fengið boð í nokkra þætti í Þýskalandi og einn nokkuð þekktur listamaður hafði samband í gegnum Instagram. Ég veit ekki hvort við endum á því að gera eitthvað saman í alvörunni en mér finnst það samt líklegt,“ segir Daði leyndardómsfullur og ætlar greinilega ekki að sýna á öll spilin.

Daði er ekki einungis að vinna með Eurovision-framlagið og hann mun bráðlega fylgja Think About Things eftir með nýju og brakandi fersku efni. „Ég ætla að senda frá mér nýtt lag sem kemur út í næstu viku og svo er ég að byrja á nýju efni



Daði Freyr er búinn að vera á fullu að undirbúa þessa viku. Hann skrifaði undir hjá dreifingaraðilanum AWAL og ætla þau í sameiningu að koma Think About Things eins langt og hægt er. MYND/ÁRNÝ FJÓLA ÁSMUNSDÓTTIR

og hugsa að ég setji saman í EP-plötu sem kæmi þá út í haust.“

Næs í tjaldi

Heimfaraldurinn hefur sett áætlanir skemmtikrafta og tónlistarfólks úti um allan heim úr skorðum vegna fjöldatakmarkana og hvað Daða varðar má segja að Think About Things sé kletturinn í óvissuhafinu milli Þýskalands og Íslands.

„Við verðum að mestu leyti í Berlín í sumar. Venjulega hefði ég verið mikið á Íslandi að spila hér og þar en vegna COVID-19 er lítið um tónleika í sumar.“

Ég hefði í rauninni verið í frekar vondum málum fjárhagslega ef það hefði ekki allt farið af stað með Think About Things, því sumar-giggin hafa verið mín helsta tekjulind undanfarið ár.

Við komum þó eitthvað heim og vorum að spá í að reyna að fara hringinn með Aróru og tjalda og eitthvað. Hafa það næs.“

Daði, sem bindur þó vonir við að ástandið verði orðið betra á seinni hluta ársins, vonast til að geta farið í bókaða tónleikaferð um Þýskaland, England, Írland, Danmörku, Svíþjóð

ÉG HEFÐI Í RAUNINNI VERIÐ Í FREKAR VONDUM MÁLUM FJÁRHAGSLEGA EF ÞAÐ HEFÐI EKKI ALLT FARIÐ AF STAÐ MEÐ THINK ABOUT THINGS.

og Noreg. „Ég er með bókaðan túr í lok árs og vona bara að ástandið hafi batnað svo ég nái að halda þessa tónleika.“

Sungið um lífið

Þýskaland hefur ekki frekar en önnur lönd farið varhluta af heimfaraldurinum og þar hefur litla fjölskyldan lagað sig að reglum og samkomuskorðum sem gengu mun lengra en heima á Íslandi.

„Þýskaland var með tveggja manna reglu og það var stærsti hópur sem maður mátti vera í svo við Árný og Aróra höfum lítið hitt vini okkar undanfarið,“ segir Daði.

„Ég get ekki beðið eftir að þetta verði aðeins léttara svo maður geti farið að hitta fólk. Við erum mest bara heima, förum í göngutúra og svona en það er svo brjáláð að gera hjá mér akkúrat núna svo það er kannski bara fínt.“

Daði sækir gjarnan innblástur við lagasmíðar í eigið líf og reynslu og lagið Hvað með það? eða Is this love, sem var fyrsta framlag hans í Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 2017, fjallaði um Árnýju konuna hans. Think About Things samdi hann um þá nýfædda dóttur þeirra Árnýjar og fjallar þar um hve hann hlakkar til að komast að því hvað henni finnst um umheiminn. Aróra er nýjörðin eins árs en er hann einhverju nær um hvað henni finnst um hlutina?

„Hún er orðin mjög ákveðin og lætur alveg vita hvað hún vill. Borðar flestan mat, vill yfirleitt bara borða það sem við erum að borða. Svo er hún farin að labba á fullu núna svo hún kemur sér bara þangað sem hún vill fara,“ segir Daði sem sjálfur fer áfram sínar eigin leiðir með Eurovision-meðbyrinn í seglunum. eddakaritas@frettabladid.is



**ALZHEIMER
SAMTÖKIN**

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Alzheimersamtakanna verður haldinn fimmtudaginn 28. maí 2020 í **Hásal**, Hátúni 10 og hefst hann kl. 17:00.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Vakin er athygli á að samkvæmt lögum Alzheimersamtakanna hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem lokið hafa greiðslu árgjalds liðins árs.

Stjórnin


ALLTAF TÍMI FYRIR GÓÐA BÓK!




Fólk í angist
Verð: 3.999.-




Elskuleg eiginkona mín
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð: 3.999.-




Sumarbókin
Verð: 3.999.-



Morðin í Háskólabíó
Verð: 3.999.-




Skólaráðgátan
Verð: 4.299.-



Fyrir daga farsímans
Verð: 3.899.-



Hryllilega stuttar hrollvekjur
Verð: 3.899.-



Þögla stúlkan
Verð: 3.999.-



Annáll um líf í annasömum heimi
Verð: 4.999.-



Afnám haftanna
Verð: 3.999.-



Eldum björn
Verð: 3.999.-



Samhengi hlutanna
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð: 4.999.-

FRÍ HEIMSENDING TIL EINSTAKLINGA EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 kr. EÐA MEIRA Á WWW.PENNINN.IS*



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

*Gildir ekki um húsgögn

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 19. maí eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÍTT KAKÓ OG KAFFI

Í EINUM GRÆNUM



Renndu við í næstu verslun okkar og gríptu með þér rjúkandi bolla af kakó eða kaffi í okkar boði.

Hlökkum til að sjá þig.



Fjöltnir stefnir á að gera kvikmynd í fullri lengd á næsta ári. MYND/ADSEND

Fékk hugmyndina frá eigin reynslu af puttaferðalögum

Stuttmyndin Rán er hugarfóstur kvikmyndagerðar- og sjómannsins **Fjöltnis Baldurssonar**. Hann er Ísafirðingur í húð og hár og var töku- og leikaraliðið að mestu mannað með fólki að vestan. Nú stendur yfir söfnun til að klára frágang myndarinnar.

Nú stýttist í að upptökum á stuttmyndinni Rán ljúki, en um er að ræða alvestfirska framleiðslu. Söfnun stendur yfir til að klára frágang á myndinni en þeim, sem leggja henni lið, gefst kostur á að velja hvernig hún endar. Myndin er hugarfóstur Fjöltnis Baldurssonar sem fer einnig með leikstjórn. Rán fjallar landsbyggðardrenginn Gunnar sem þarf að fara í næsta bæjarpláss til að sækja kærustu sína til vinnu. Fer þá af stað æsispennandi atburðarás, þar sem Gunnar hittir meðal annars dularfullan puttaferðalang að nafni Rán.

„Þema myndarinnar er mannlegur breyskleiki, freistingar og hvernig ein ákvörðun getur sett allt á annan endann,“ segir Fjöltnir.

Hugmyndina segist hann hafa fengið frá eigin reynslu af því að ferðast á puttanum.

„Ég hef farið í kringum landið og um alla Evrópu á puttanum. Þetta er í raun bara byrjun á sögu, ég var að gera handrit að mynd í fullri lengd. Fannst bara þessi byrjun á myndinni þannig að hægt væri að gera hana sjálfstæða. Smám saman stækkaði sagan, fór á flug og þá bara varð ég að gera hana.“

Hefur lent í ýmsu á vegum úti
Hann segir söguna innblásna af atburðum sem áttu sér raunverulega stað.

„Ég var einu sinni tekinn upp í bíl af konu á besta aldri. Hún var úr sveit og ég var þar eina nótt og lenti í vandræðalegri uppákomu sem ég get ekki sagt nánar frá, án þess að spilla sögunni í myndinni. Myndin er lituð af svörtum humor með dass

ÉG VAR EINU SINNI TEKINN UPP Í BÍL AF KONU Á BESTA ALDRI. HÚN VAR ÚR SVEIT OG ÉG VAR ÞAR EINA NÓTT OG LENTI Í VANDRÆÐALEGRI UPPÁKOMU SEM ÉG GET EKKI SAGT NÁNAR FRÁ, ÁN ÞESS AÐ SPILLA SÖGUNNI Í MYNDINNI.

af smá erótík,“ segir hann.

Hann segist hafa lent í ýmsum ævintýrum á ferðalögum sínum um Evrópu.

„Maður lenti í ýmsu, eins og að hoppa út úr bíl á hraðbraut á fullri ferð, líkamsleit af hermönnum í Frakklandi vegna gruns um hryðjuverkastarfsemi og svo auðvitað sagan sem varð mér innblástur við gerð myndarinnar,“ segir Fjöltnir.

Aðalleikkonan og aðstoðarleikstjórinn veiktust bæði af COVID-19 en náðu heilsu og losnuðu úr sóttkví áður en að tókurnar hófust.

„Við stefnum svo ótraud á að frumsýna í september og ætlum að hafa eina fyrir sunnan og aðra hjá Dúa í besta bíðinu á Ísafirði,“ segir hann.

Þrjár útgáfur

Ákveðið var að taka upp þrjár útgáfur af endi myndarinnar. Þeir sem leggja söfnuninni lið fá að sjá allar útgáfurnar og velja endinn sem sem þeim finnst bestur.

„Ef menn hafa leikstjóradrauminn í maganum, þá er þetta ekki vitlaust start,“ segir Fjöltnir kíminn. Hann segir það hafa verið lítið mál að manna í stöður við gerð myndarinnar, enda mikið af hæfileikafólki að finna fyrir vestan.

„Við erum með heimsklassa myndatökumann, hann Baldur Pál, og frábæran hljóðmann sem gerði allt til að ná réttu hljóði. Hann var oft í skottinu við tókur á atríðum inni í bílnum. Svo stóðu allir sig dásamlega. Magnús og Ninna eru að sunnan og smellpössuðu inn í hópinn. Við erum með vel valinn leikarahóp, ásamt því að hafa menn í aukahlutverkum sem voru bara þeir sjálfir. Hlutverkin voru þá skrifuð fyrir þá,“ segir Fjöltnir.

Flúði útgöngubannið á Spáni

Fjöltnir hefur verið með annan fótinn á Spáni, og stefndi á að vera fluttur þangað alfarið, en vegna veikinda í fjölskyldunni var því frestað um ár.

„Ég var að finnpússa handritið og sleikja sólina þegar þessi lokun kom á úti. Þetta voru skrátnir tímar, en mega ekki fara út nema í búðina, að maður keypti bara einn hlut í einu og fékk ágætis hreyfingu. Síðan komst ég heim með síðasta flugi Norwegian til að komast í upptökurnar. Ég sé fram á að vera áfram á Íslandi og búa til meira bíó.“

Fjöltnir hefur starfað sem sjómaður um árabil en sinnir sjómennskunni nú í hálfu starfi til að geta sinnt ástríðu sinni fyrir kvikmyndagerð.

„Sjómennskan er meira en fullt starf, svo nú er ég kominn í hálfu starf á sjó. Það ákvað ég til að geta klárað þetta verk og undirbúið stóra kvikmynd sem á að taka upp á næsta ári. Síðustu ár hef ég verið að sanka að mér búnaði til að gera kvikmyndir, sem ég hefði aldrei getað nema af því að ég hef verið á sjó og þénað vel,“ segir hann.

Hægt er að leggja söfnuninni lið á karolinafund.com.

steingerdur@frettabladid

..... **AFMÆLISTILBOÐ**

27-60%
AF ÖLLUM VÖRUM



31%

WAGNER ERGOMEDIC 100-3
LISTAVERÐ 189.900 KR.
NÚ **129.900 KR.**



31%

HEADPOINT
LISTAVERÐ 79.900 KR.
NÚ **54.900 KR.**



50%

NAVIGO
LISTAVERÐ 89.900 KR.
NÚ **44.950 KR.**



35%

RAF MAGNSBORD
AFMÆLISTILBOÐ
FRÁ **58.175 KR.**



40%

SITNESS 5
LISTAVERÐ 52.900 KR.
NÚ **31.740 KR.**

35%
AF ÖLLUM
RAF MAGNSBORDUM



50%

W3
LISTAVERÐ 84.900 KR.
NÚ **42.450 KR.**

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37
Sími: 564-5040

www.hirzlan.is


RAMMASAMNINGUR VÍÐ
RÍKISKAUP

DORMA HOME Sængurföt

OEKO-TEX®
CONFIDENCE IN TEXTILES
STANDARD 100
Tested for harmful substances.
www.oeko-tex.com/standard100



Sængurfötin frá DORMA HOME eru ofin úr 300 gsm bómullar-præði sem gefur frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Þau eru með OEKO-TEX® vottun um að þau séu framleidd án allra skaðlegra efna. Sængurfötin koma í 7 mismunandi mynstrum og litum og fást í 3 stærðum.



SUMAR
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

Fullt verð 140 x 200 cm: 9.990 kr.

Fullt verð 140 x 220 cm: 11.990 kr.

Fullt verð 200 x 220 cm: 16.990 kr.

Aðeins 7.992 kr.

Aðeins 9.592 kr.

Aðeins 13.592 kr.



CHIRO UNIVERSE

heilsurúm með Classic botni

DORMA
VERÐ
ER GOTT
VERÐ

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni. Aukahlutur á mynd gafi.

STÆRÐ Í CM	FULLT VERÐ Á STAKRI DÝNU	DORMAVERÐ MEÐ CLASSIC BOTNI
90 x 200	49.900 kr.	79.900 kr.
100 x 200	57.900 kr.	89.900 kr.
120 x 200	63.900 kr.	99.900 kr.
140 x 200	74.900 kr.	114.900 kr.
160 x 200	84.900 kr.	129.900 kr.
180 x 200	89.900 kr.	139.900 kr.

- Fimm svæðaskipt yfirdýna.
- Laserskorið Conformo Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 29 cm.



Charlotte Julien
Dream your world™

DORMA
VERÐ
ER GOTT
VERÐ

C&J SILVER

stillanlegt rúm

Þráðlaus fjarstýring með 2 minnisstillingum

C&J Silver er með sterkum stálbotni og kraftmiklum en hljóðlátum mótör. Rúminu fylgir þráðlaus fjarstýring með tveimur minnum og ljósi. Botn rúmsins dregst að vegg þannig að þú ert í eðlilegri fjarlægð frá náttborði og lampa. Sérstakur takki á fjarstýringunni kemur rúminu í upphaflega stöðu.

Verðdæmi: 80 x 200 cm stillanlegt C&J Silver rúm með Nature's Rest Luxury heilsudýnu: Fullt verð: 162.900 kr.

Aðeins 162.990 kr.



SCAPA

SUMAR
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

MEGA

tungusófi

Sérlega kósi, djúpur og breiður tungusófi í slitsterku, dökkgráu. Sófinn fæst í hægri eða vinstri útgáfu. Í baki Mega sófanna er fjöldi lausra púða sem veitir þér enn meiri þægindi. Stærð: 275 x 163 cm

Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins 151.920 kr.



SCAPA

SUMAR
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

OPUS

u-sófi

Kósi, djúpur u-sófi í slitgöðu, yrjöttu áklæði. Fæst í hægri og vinstri útgáfu, ekki færarleg tunga. Í baki Opus eru stórir bakpúðar (58x58 cm) fyrir enn meiri þægindi. Stærð: 335 x 227 cm.

Fullt verð: 289.900 kr.

Aðeins 231.920 kr.



DORMA
VERÐ
ER GOTT
VERÐ

BARCELONA

svefnsófi

Sérlega vandaður og veglegur ítalskur svefnsófi. Bak er dregið fram á einfaldan hátt til að opna fjaðrandi stálgrind. Þar liggur heil (laus) 194x140x13 cm svampdýna sem fylgir. Svefnsófi sem fer vel með gestina. Fæst blágrænn og ljós- eða dökkgrár. Dormaverð: 199.900 kr.

Aðeins 199.900 kr.

ATH!
BREYTTUR
OPUNARTÍMI

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 12-18
Laugardaga kl. 12-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Sumarið er komið í Dorma

www.dorma.is

VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

Ókeypis
heimsending!



Verslaðu á dorma.is

S
SCAPA



HOUSTON
hornsófi

SUMAR
TILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR



Tveir litir, brúnn og
koniaksbrúnn, hægri
eða vinstri tunga

Fallegur hornsófi í Houston línunni. Sófinn fæst hægri eða vinstri (horn ófæranlegt) í tveimur litum. Armar eru meðalgrannir og sófinn frekar í nettara lagi. Houston passar í flest rými bæði hvað varðar stærð og stíl – sem er látláus og glæsilegur. Seti og bak sófanna eru lausar pullur sem sitja þó vel og renna ekki. Innra byrði er úr endingargóðum, kaldpressuðum svampi, þá trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur sófanna eru frekar grannir en sterkir úr svörtum víði. Houston hornsófi er nettur en samt er svo þægilegur. *Bonded leður (leðurblanda) er blanda af ekta leðri og gervileðri. Gott bonded leður er með háu hlutfalli leðurs. Um þriðjungur áklæðisins í Houston er ekta leður sem er mun hærra hlutfall en algengt er. Stærð: 270 x 210 x 85 cm

Fullt verð: 229.990 kr.

Aðeins **183.920 kr.**

SUMMAR
tilboð

SMELLTU Á VÖRU OG
ÞÚ FERÐ BEINT INN Í
VEFVERSLUN

DORMA.IS

Þú finnur nýjsta
Dormabæklinginn
á dorma.is



DORMA

Láttu drauminn rætast



BAKÞANKAR

Kolbeins
Marteinssonar



Íbízafjörður

Skipulagt sumarfrí fjölskyldunnar fór fyrir lítið þegar fyrirhuguð íbúðaskipti okkar við Ancion-fjölskylduna á Spáni voru endanlega afskrifuð vegna almannavarna og sýklahæðslu. Við vorum lengi vel í afneitun gagnvart þessu, trúðum því að allt færi vel, en þetta varð niðurstaðan. Og þá þarf maður að gera plön í takt við nýjan veruleika.

Því verður sumarfrí barna minna eins og mitt eigið sumarfrí á niunda áratugnum þegar ferðast var um landið þvert og endilangt. Líkt og þá verða fáir útlendingar á landinu þannig að nú gefst sögulegt tækifæri til að sýna krökkunum gersemar þjóðarinnar í friði og ró.

Við skipulagningu á ferðalögum innanlands kemur verslunarmannahelgin 1984 á Kirkjubæjarklaustri strax upp í hugann.

Þar gerði slíkt veðurbál að Seglagerðartjaldið okkar lagðist á hliðina um miðja svefnlausu nótt. Foreldrar mínir gerðu það eina rétta og leituðu skjóls í nálægu Edduhótelu.

Slíkt neyðarástand ríkti þá á tjaldsvæðinu að tjöld fuku um tún og móa og grátandi fólk hljóp á eftir eignum sínum í örvinglan gegnumblautt.

Daginn eftir var komið hið besta veður, sól og blíða og fórum við þá aftur á tjaldsvæðið til vitja þeirra eigna sem við höfðum skilið eftir. Tjaldsvæðið leit út eins og vettvangur stríðsátaka þar sem ekkert tjald stóð lengur upprétt heldur lágu þau appelsínugul, blá og rauð eins og klessur á grænu grasinu og stöku stög og stangir risu upp úr jörðinni. Þessi útilega hefur fylgt mér allar götur síðan og vafalítið haft neikvæð og varanleg áhrif á áhuga minn á tjaldútilegum.

Í ljósi hörmunga ársins 2020 með sínar litaveðurviðvaranir og farsóttir er það fullkomlega sanngjörn krafa að við fáum gott sumar.

BYKO

Sumarið er komið!

Nýtt blað á byko.is



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Framkvæmdalán til einstaklinga

-Vörur og fjármögnun á einum stað

Sæktu um á byko.is

Nú er hægt að fá allar vörur til framkvæmda, ráðgjöf og fjármögnun á einum stað því BYKO býður, í samstarfi við Greiðslumiðlun, upp á hagkvæmt framkvæmdalán sem einstaklingar geta sótt um á byko.is/framkvaemdalan

Nýtt í BYKO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

FANTA & FANTA EXOTIC 500 ML

169

KR/STK 338 KR/L



Kvikk

ON THE GO



ORKAN

Ertu á leið í framkvæmdir?

Framkvæmdaráðgjöf fyrir einstaklinga er ný þjónusta í samstarfi við Heildstæða hönnun

Gísli Álfgeirsson veitir alhliða ráðgjöf varðandi allt sem þarf að hafa í huga í framkvæmdum, t.d. hvort kalla þurfi til smíð, pípara eða rafvirkja, hversu langan tíma framkvæmdin taki eða hver er mögulegur kostnaður.

Engin verk of stór eða lítil

Skráðu þig á: www.byko.is/framkvaemdaradgjof



HEILDSTÆÐ
HÖNNUN

Kynntu þér



á rsk.is

Verslaðu í vefverslun og fáðu

SENT HEIM



Auðvelt að versla á byko.is



BYKO

GERUM PETTA SAMAN